

Hliðstæður í kenningum Deweys og Skinners í leikskólastarfi

Lilja Eypórsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í leikskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Dewey og Skinner

Hliðstæður í kenningum Deweys og Skinners í leikskólastarfi

Lilja Eypórsdóttir

071255-3609

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, leikskólakennarafræði
Apríl 2009

Kennari
Anna-Lind Pétursdóttir

Útdráttur

Í lokaverkefni þessu er fjallað um hliðstæður í kenningum Deweys og Skinners út frá hlutverki og vinnubrögðum kennara. Skoðaðar voru vinnuaðferðir leikskólakennara í tveimur leikskólum sem vinna samkvæmt hugmyndafræði Deweys. Einnig var kannað viðhorf leikskólakennaranna til atferlisfræða og hvort þeir töldu að hugmyndafræði Deweys samræmdist kenningum í atferlisfræðum, með vísan í virka skilyrðingu Skinners. Tilgátan var sú að ákveðnar aðferðir í atferliskenningu Skinners séu ekki í mótsögn við hugmyndir um nám barna og hlutverk kennarans hjá Dewey. Til að greina vinnubrögð leikskólakennara voru framkvæmdar fjórar 10 mínútna mælingar með beinu áhorfi í matmálstíma. Spurningalisti var lagður fyrir leikskólakennara þar sem viðhorf þeirra voru könnuð. Niðurstöður gefa vísbendingar um að hliðstæður séu milli kenninga Deweys og Skinners hvað varðar hlutverk og vinnubrögð leikskólakennaranna sem tóku þátt í rannsókninni. Báðir fræðimennirnir sækja hugmyndir sínar í gagnsemishyggju og leggja áherslu á að umhverfið, reynslan og samspilið við aðra séu mikilvægir þættir í námi og þroska einstaklinga. Líklega eiga Dewey og Skinner meira sameiginlegt í sínum kenningum, en hingað til hefur verið haldið á lofti, þegar litið er á mikilvægi vinnuaðferða leikskólakennarans í því að skapa og skipuleggja umhverfi sem styður við nám og þroska barna á þeirra forsendu.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
Nám í leikskóla.....	7
Dewey.....	8
<i>Ígrunduð hugsun</i>	8
<i>Reynslan</i>	9
<i>Hlutverk kennarans</i>	9
Skinner.....	10
<i>Skilyrðing</i>	10
<i>Reynslan</i>	12
<i>Hlutverk kennarans</i>	13
Sameiginlegt hjá Dewey og Skinner	14
<i>Gagnsemishyggja</i>	14
<i>Þriggja liða ferli</i>	14
<i>Hlutverk kennarans</i>	15
<i>Kennslunálgun tengd við Dewey og Skinner</i>	15
Viðhorf til kenninga Deweys og Skinners.....	16
Rannsókn	20
Aðferð.....	22
Þátttakendur	22
Mælitæki.....	22
Rannsóknaraðstæður.....	23
Rannsóknarsnið	23
Framkvæmd	25
Áreiðanleiki	25
Niðurstöður – umræða.....	26
Notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna.....	26
Samræmi milli sjálfsmats leikskólakennara og gagna úr beinu áhorfi	27
Samræmist hugmyndafræði Deweys kenningum í atferlisfræði?.....	29
Viðhorf leikskólakennara til atferlisfræða.....	30
Samantekt - lokaorð.....	32
Heimildaskrá.....	34
Viðauki 1	37

Viðauki 2	39
Viðauki 3	41
Viðauki 4	42
Viðauki 5	43
Viðauki 6	44

Inngangur

Á undanförunum árum og áratugum hefur leikskólinn fengið aukið hlutverk í uppeldi, umönnun og menntun barna. Því er mikilvægt að áherslur og aðferðir í leikskólum séu vel skilgreindar og kynntar fyrir foreldrum, svo þeir viti á hvaða hátt börn þeirra eru að læra og hvernig hlutverk og áherslur kennarans í starfinu hafa áhrif á nám og þroska barna þeirra.

Í þessu verkefni mun ég leitast við að skoða áherslur tveggja fræðimanna í uppeldi og menntun barna. Lögð verður áhersla á að skoða hlutverk kennarans í kenningum J. Deweys og B.F. Skinners og kanna hvort þar séu hliðstæður sem geta fallið saman hjá báðum fræðimönnunum.

Ástæðan fyrir því að ég valdi þetta verkefni er sú að ég tel að þar sé að finna þætti í báðum kenningum er snúa að hlutverki kennarans sem falla saman og eru ekki andstæðar hvor annarri. Tilfinning mín er sú að viðhorf leikskólakennara til atferlisstefnunnar sem kennd er við Skinner séu neikvæð, en viðhorf til aðferða sem falla að hugmyndum Deweys séu jákvæð. Þessi tilfinning styrktist þegar ég sótti námskeið í grunnnámi í leikskólafræðum við Kennaraháskóla Íslands vorið 2008 sem bar heitið „Stefnur og starf“. Á þessu námskeiði var kynnt hvernig ýmsir fræðimenn og uppeldisstefnur þeirra líta á börn og hvað er lagt til grundvallar í kenningum þeirra í menntun barna. Þar lögðu kennarar litla áherslu á hugmyndafræði og vinnuaðferðir atferlissinna en áherslur sem sóttar eru í hugmyndafræði Deweys fengu mikla umfjöllun. Það virtist vera meiri jákvæðni hjá kennurum og nemendum námskeiðsins gagnvart einni stefnu en annarri.

Tilgáta mín er að ákveðnar aðferðir í atferliskenningu Skinners séu ekki í mótsögn við hugmyndir um nám barna og hlutverk kennarans hjá Dewey, heldur þvert á móti, er hægt að sjá hliðstæður sem falla saman í báðum kenningum og styðja þær þannig hvor aðra.

Markmiðið með þessu verkefni er að draga fram aðferðir í atferlisfræðum sem jákvæðan og styrkjandi þátt í áherslum Deweys í leikskólastarfi. Leiðir sem tengjast atferlisfræðum hafa oft gagnast vel við nám, kennslu og uppeldi barna. Ég hef trú á að verkefnið nýtist kennurum til að skoða, ígrunda og meta sínar vinnuaðferðir og áherslur með jákvæðum og opnum huga og tengja saman þræði úr ólíkum stefnum sem geta stutt hvor aðra í þágu uppeldis og kennslu barna. Það gæti aukið meðvitund kennara um að

einhverjar aðferðir sem þeir nota við uppeldi og menntun barna sé í samræmi við atferlisfræðin og leitt til þess að viðhorf þeirra verði meira í samræmi við þeirra vinnubrögð og á þann hátt skapað opnari og hreinskilnari umræðu, sem væri gagnlegt fyrir alla í skólasamfélaginu.

Nám í leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla (1999) er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna. Í Aðalnámskrá leikskóla er hvergi getið ákveðinna fræðimanna eða kenninga þeirra, sem stuðst er við í gerð Aðalnámskrár. Líklegt má þó telja að þeir einstaklingar sem unnu að námskránni hafi haft áhrif á þær áherslur sem þar birtast, út frá þróun í leikskólastarfi hér á landi, á þann hátt að straumar frá ákveðnum fræðimönnum séu meira afgerandi en frá öðrum. Þar má t.d. nefna áhrif frá kenningum John Deweys sem var bandarískur heimspekingur og sálfræðingur. Jóhanna Einarsdóttir (1997) telur að hans áhrifa hafi gætt í íslensku leikskólastarfi frá upphafi. Einnig bendir Jóhanna á að ýmsar skólaáherslur, námskrár og aðferðir (t.d. High-Scope, Head Start og Reggio Emilia) eigi rætur að rekja til hugmyndafræði Deweys.

Aðalnámskrá leikskóla kveður á um að rækta skuli alhliða þroska barna og að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins. Námsumhverfi barnsins á að vera fjölbreytt, örvandi og það á að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Hverjum leikskóla ber að gera eigin skólanámskrá, á grundvelli Aðalnámskrár, þar sem uppeldis- og námsáætlun leikskólans kemur fram. Aðalnámskrá er sveigjanleg og gefur leikskólum tækifæri til að útfæra sína eigin námskrá út frá hugmyndafræði og hefðum og veitir leikskólum á þann hátt svigrúm til að skapa sína sérstöðu og velja þær uppeldisáherslur og aðferðir sem starfsfólk telur að best komi til móts við markmið leikskólastarfsins (Aðalnámskrá, 1999: 34-38). Leikskólanámskrá á m.a. að gera starfið sýnilegt og gefa starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því.

Engar sérstakar línur eru lagðar um vinnuaðferðir starfsmanna, þó er hlutverk leikskólakennarans eins og rauður þráður í Aðalnámskránni með áherslu á eftirfarandi: Honum ber; að skapa umhverfi sem styður við börn, að fylgjast með börnum, að vera til staðar og veita öryggi, að vera reiðubúinn til að örva og grípa inni – á forsendum barnanna út frá aldri, þroska og þarfa þeirra. Á einum stað í kaflanum um barnahópinn, sem fjallar um hópleiki, hópstarf og að örva samvinnu barna, er kveðið á um að mótuð sé stefna um aðhald og hæfilegan aga í leikskóla og samskiptum barna (Aðalnámskrá,

1999: 15). Hvergi í Aðalnámskránni er kveðið á um leiðir að þessum þáttum. Kristín Dýrfjörð (2006: 3) bendir á í grein sinni um lýðræði í leikskólum, að börn læri það sem er hulið og óskráð. Það sé reynslan sem mótar barn og barnið lærir af reynslunni. Því er mikilvægt að skoða viðhorf og gildi leikskólakennara.

Dewey

John Dewey (1859-1952) var bandarískur heimspekingur og sálfræðingur sem lét menntun barna sig miklu varða. Hann kenndi m.a. heimspeki og sálfræði í Michigan-háskóla. Hann hafði mikinn áhuga á námi og kennslu barna og mótaði róttækar hugmyndir um skólastarf og kennsluhætti. Árið 1896 stofnaði hann tilraunaskóla fyrir börn á aldrinum 4-15 ára í tengslum við kennslufræðideild háskóla í Chicago, þar sem hann veitti heimspeki-, sálfræði- og kennslufræðideildinni forstöðu. Dewey vildi prófa hugmyndir sínar um nám og kennslu, þar sem áhersla var lögð á að börn lærðu með því að framkvæma (*e. learning by doing*) (Dewey, 1933/2000a: 14-16).

Dewey taldi að börn ættu að fást við raunveruleg verkefni og byggja lausnir á fyrri reynslu. Á þann hátt fengju börnin raunhæfa menntun. Hann taldi að skólasamfélagið ætti að byggja á fyrri reynslu barnanna og skapa nýja merkingabæra reynslu fyrir þau til að læra af. Hann lagði áherslu á virka þátttöku þeirra m.a. með því að; rannsaka veröldina fyrir utan skólaumhverfið, tengja námið við samfélagið og heimilið, að uppgötva samfellu og tengsl og nýta fyrri reynslu sína til að leysa ný vandamál. Í leikskólanámi benti Dewey á verkefni sem tengdust heimilum barnanna s.s. að taka þátt í daglegum verkefnum, svo og samhjálp og samskiptum. Hann lagði áherslu á að leikurinn og verkefnin byggðist á fyrri reynslu barnanna og að þau hefðu tækifæri til að endurskapa þekkingu sína í samvinnu við önnur börn. Dewey taldi að hlutverkaleikir væru mikilvægir, því þar væru börn að vinna áfram með reynslu sína, skapa nýja þekkingu og reynslu. Hann lagði áherslu á samfellu og tengsl í menntun og taldi nám sem er athafnabundið vera leið til þess að læra í samhengi (Jóhanna Einarsdóttir, 1997; Kristín Dýrfjörð, 2006: 2-3). Í kenningu Deweys er hugsunin einn megin stólpinn. Með hugsuninni verður úrlausn tengd við reynsluna og stuðlar að áframhaldandi menntun í víðustum skilningi.

Ígrunduð hugsun (e. reflective thinking) er hugtak sem var Dewey hugleikið. Hann leit á ígrundaða hugsun eins og keðju þar sem hver niðurstaða stýddist við hugmyndir og reynslu sem á undan væri komið og stefndi að einni niðurstöðu (Dewey, 1933/2000a:

42-43). Að hugsa gerir okkur kleift að stjórna athöfnum okkar, að haga okkur á yfirvegaðan og markvissan hátt og vita hvað við erum að gera þegar við framkvæmum eitthvað. Ígrunduð hugsun felst í því að finna tengsl t.d. orsakasamhengi. Dewey taldi að ígrunduð hugsun væri eðlislæg og kæmi snemma fram hjá börnum og að meðfædd forvitni örvi hugsunina. Ungabörn draga ályktanir í formi væntinga af skynjun sinni og upplifun sinni. Þar fer fram prófun með því að athuga hluti, viðbrögð og atburði (Dewey, 1933/2000a: 123-141). Þar verður leikurinn hjá barninu vettvangur til að útvíkka hugsunina út frá reynslu af ýmsum athöfnum sem það tengir inní leikinn. Leikurinn þróast í raunverulegar aðstæður með raunveruleg viðfangsefni og leiðir til reynslu í því að velja réttar leiðir með raunverulegum árangri. Þótt barni á leikskólaaldri sé tilgangurinn ekki ljós, er mikilvægt að skapa þannig umhverfi, að reynslan af leiknum og viðfangsefnum verði raunverulega til gagns fyrir barnið (Dewey, 1933/2000a: 255-259).

Reynslan er undanfari hugsunar. Við hverja reynslu og upplifun skapast ný tækifæri til að læra. Dewey (1938/2000b: 35-41) taldi að börn skorti ekki reynslu í skólasamfélaginu, heldur það að reynslan gæti verið ófullnægjandi til menntunar og framþróunar fyrir barnið. Hann taldi það skipta öllu máli hvers eðlis reynsla væri. Hún þyrfti að vera samfelld og menntandi. Því þarf m.a. að móta áætlun um námsefni, kennsluaðferðir og aga. Dewey taldi mikilvægt að þróa skipulagshugtak á grundvelli reynslu og tilrauna og vísaði í reynsluvísindin sér til stuðnings. Þar væri vandi kennarans, því hans hlutverk væri að skipuleggja athafnir og umhverfi sem stuðluðu að virkni barnsins til þátttöku í reynslu sem gagnaðist því í lífinu seinna meir, bæði sem einstaklingi og sem virkum þátttakanda í samfélaginu.

Hlutverk kennarans er veigamikilið í námi barnsins. Hann skipuleggur umhverfið, velur efnivið, leitar eftir áhuga og virkni barnsins til að skapa reynslu sem gagnast því. Kennarinn verður að vera dómbær á hvað stuðlar að áframhaldandi þroska. Raunveruleg reynsla mótast af umhverfinu og það er hlutverk kennarans að nýta það í skipulagi sínu. Þar er félagslegt umhverfi og ýmis dagleg verkefni, lykilþættir sem verkfæri kennarans. Kennarinn þarf að hafa í huga fyrri reynslu barnsins til að byggja ofan á nýja reynslu sem verður barninu sjálfu og samfélaginu til góða (Dewey, 1938/2000b: 49-51).

Skinner

Burrhus Frederic Skinner (1904-1990) var bandarískur sálfræðingur. Sem ungur drengur fékkst hann mikið við tilraunir og uppfinningar. Hann ákvað að verða rithöfundur og vann m.a. í bókabúð. Þar kynntist hann bókum eftir Pavlov og Watson sem eru þekktir fræðimenn á sviði atferlisfræða og af mörgum kallaðir frumkvöðlar. Bækur þeirra kveiktu áhuga Skinners á atferlisfræðum, sem varð til þess að hann fór í nám í sálfræði í Harvard háskóla. Í náminu var lögð áhersla á tilraunir og þar þróaði Skinner mælitæki sem sýndi á nýjan hátt tengsl undanfara/áreitis við hegðun sem leiddi til afleiðingar. Á seinni hluta ævi sinnar var Skinner umhugað um að atferlisvísindin nýttust samfélaginu til góða og tengdi hann því heimspeki og siðfræði í umfjöllun sína. Hann skrifaði bækur, þar sem hann lagði áherslu á jákvæða notkun styrkingarskilmála (*e. contingency*) og til að vinna gegn mistúlkun á þeim (Vargas, 2007). Á þann hátt vildi hann draga fram hversu gagnleg þessi fræði voru til þess að vinna með hegðun og nám sem þjónuðu tilgangi.

Skilyrðing er mikilvægt hugtak í atferlisfræðum. Virk skilyrðing (*e. operant conditioning*) er komin út frá rannsóknum Skinners og er frábrugðin klassískri skilyrðingu. Klassísk skilyrðing felur í sér að hlutbundið (óskilyrt) áreiti sem vekur upp svörun þarast við hlutlaust (skilyrt) áreiti. Þörunin veldur því að hlutlausa áreitið fer einnig að vekja skilyrta svörun. Þessi svörun hættir svo smám saman þegar áreitið hverfur. Pavlov gerði þekktu tilraun með hunda sem fóru að slefa þegar þeir heyrðu ákveðið hljóð og fengu kjöt í kjölfarið – hljóðið fór smám saman að kalla fram slefsvörun hjá hundunum. Slokkun í klassískri skilyrðingu er þegar skilyrta áreitið er til staðar án þess óskilyrta en það veldur því að skilyrta svörunin minnkar smám saman og hættir að lokum. Hundarnir hans Pavlovs hættu smám saman að slefa þegar þeir heyrðu hljóðið og kjötið kom ekki kjölfarið.

Tilraunir sem Skinner gerði voru ólíkar þeim tilraunum sem t.d. Pavlov og Watson gerðu, á þann hátt að hann sýndi fram á tengsl milli afleiðinga (s.s. jákvæðra styrkja) og hegðunar. Þar kom fram að undanfari áreitis hafði ekki afgerandi áhrif á hegðunina, heldur það sem fylgdi í kjölfar hegðunar. Skinner lagði áherslu á að hegðun væri virk (*e. operant behavior*) en ekki ósjálfráð viðbrögð við áreitum. Virk skilyrðing er ferli sem felur í sér að tíðni hegðunar verður vegna áhrifa afleiðinga af hegðuninni. Með virkri skilyrðingu er yfirleitt átt við jákvæða styrkingu hegðunar, en neikvæð styrking eykur einnig tíðni hegðunar. Jákvæð styrking er þegar afleiðingin, sem verður í kjölfar hegðunar, leiðir til þess að hegðunin eykst hvort sem hegðunin er æskileg eða ekki.

Dæmi um þetta er matmálstími þar sem ætlast er til að allir sitji til borðs, borði matinn og séu kurteisir þar til borðhaldinu lýkur. Ef barn vill ekki sitja við matarborðið og neitar að borða og er vísað frá matarborðinu eru miklar líkur á að sú hegðun (vill ekki borða) styrkist og barnið beitir henni til að sleppa við að sitja til borðs. Á þann hátt hefur hegðunin að vilja ekki borða (óæskileg hegðun) verið neikvætt styrkt fyrir barnið því það sleppur við það sem því finnst leiðinlegt. Barn sem veit að það fær ekki að fara frá borðinu fyrr en eftir að borðhaldinu lýkur og fær hvatningu og hrós fyrir t.d. að smakka matinn, taka þátt í borðhaldinu, vera kurteis (þó því finnist maturinn ekki góður, eða langar í eitthvað annað), fær jákvæða styrkingu við hegðunina sem er æskileg þ.e. að taka þátt í borðhaldinu. Ef afleiðingin er eftirsóknarverð þá eykst tíðni hegðunar. Að sama skapi minnkar tíðnin og jafnvel hættir ef afleiðingin er neikvæð fyrir þann sem í hlut á, en það kallast refsing (Guðmundur B. Arnkelsson, 2006: 15 og 75; Woolfolk, 2007: 208-214).

Skinner var fyrstur til að lýsa þeim grunneinginum sem lagðar eru til grundvallar við atferlisgreiningu. Grunneiningarnar eru þrjár og milli þeirra er virknisamband þ.e.a.s. undanfari (áreiti), svörun (hegðun, viðbragð) og afleiðing. Þetta virknisamband kallast þriggja liða styrkingarskilmáli (*e. three-term contingency*). Skinner skilgreindi áreiti og svörun (þ.e. umhverfi og hegðun) sem hagnýt, virk hugtök er hafa áhrif hvort á annað, en ekki sem þröng efnisleg hugtök sem standa ein og sér (Schlinger, 1995: 33-35).

Ein rannsóknaraðferð sem Skinner notaði til að kanna áhrif afleiðinga á hegðun fólst í því að dýr í búri fengu matargjöf eftir tímakerfi, óháð hegðun þeirra. Skinner taldi tímann sem leið á milli hegðunar og afleiðinga vera grundvallaratriði til þess að hegðunin breyttist (styrkist eða veikist). Hann sýndi fram á það að hegðunin sem dýrin sýndu rétt fyrir matargjöfina jókst. Dýrin endurtóku það sem þau voru að gera (af tilviljun) þegar þau fengu matinn. Maturinn jók tíðni hegðunar og að mati Skinners taldi hann að tíminn milli athafnar og matargjafar skipti sköpum þ.e. að matargjöfin kæmi um leið og hegðunin ætti sér stað (Guðríður Adda Ragnarsdóttir, 2005:119-121; Skinner, e.d.). Hér sýndi hann fram á jákvæða styrkingu, þ.e. að styrkirinn (matargjöfin) jók ákveðna hegðun á þann hátt að dýrin endurtóku hegðunina sem þau sýndu í undanfara matargjafarinnar. Dýrin tengdu jákvæða afleiðingu við hegðunina og sýndu tilbúðni til þess að kalla aftur á þessa jákvæðu afleiðingu með því að endurtaka hegðunina. Rannsóknir sem þessar, sem sýna fram á lögmál um hegðun má yfirfæra á mannfólkið. Hagnýtt gildi þeirra kemur fram í styrkingarskilmálum við t.d. kennslu og í meðferðum ýmisskonar. Styrkingarskilmáli segir til um tengsl virkrar hegðunar og

styrkis þ.e. hvaða athöfn er styrkt, hvenær og hvernig hún er styrkt. Mestu líkur á árangri við að festa ákveðna athöfn (nám, hegðun) í sessi, er þegar sístyrking, sem beitt er í upphafi við kennslu á nýrri færni, þróast í það að verða skert styrking. Fyrst er byrjað á sístyrkingu og síðan er dregið úr styrkingu og hún veitt eftir ákveðnu kerfi af og til, þar til viðkomandi árangri er náð. Styrkjar geta verið af ýmsu tagi s.s. félagslegir, náttúrulegir og efnislegir (Woolfolk, 2007:212-214).

Skinner yfirfærði niðurstöður úr rannsóknum sínum á nám barna. Hann sat kennslustund í stærðfræði hjá dóttur sinni í barnaskóla. Þar sá hann að nemendur fengu lítil viðbrögð við frammistöðu sinni (hvort sem þau gátu verkefnið eða ekki), sum börnin fengu enga kennslu og önnur lærðu ekkert nýtt. Skinner benti á að börnin væru að leysa vandamál (stærðfræði) en þau fengu ekki viðbrögð, um hvort lausnin væri rétt eða ekki, fyrr en löngu eftir að þau leystu verkefnið. Því væri það lítil hvati fyrir þau til að gera betur. Börnin vissu ekki hvort þau voru á réttri leið, á meðan þau voru að leysa hvert verkefni fyrir sig, til að byggja lausn næsta verkefnis á reynslunni af fyrra verkefninu. Í framhaldi af þessu þróaði hann kennslutæki/vél (aðferð) sem veitti nemendum svörun eftir hvert verkefni. Þessi aðferð kenndi ekki nýja hegðun, heldur æfði og jók við færni sem þegar var til staðar. Það fólst í því að nemandinn fékk samstundis viðbrögð og hvatningu á færni sína og eftir því sem færnin jókst, var smá saman dregið úr hvatningu (styrkingu). Barnið varð öruggara í lausn verkefna og smám saman komst barnið í snertingu við náttúrulega styrkingu þ.e. umbunin þróaðist yfir í ánægju yfir að glíma við og leysa verkefni sem barnið var að vinna að. Hér gat hver nemandi unnið á sínum hraða og lokið við verkefnið út frá sinni getu. Æfingin gerðist í mörgum skrefum og atferlinu var beint í ákveðna átt. Færni nemandans jókst og þessi aðferð spurðist út og vakti áhuga foreldra, skóla og atvinnulífsins (Vargas, 2007). Hér var sýnt fram á að það eru afleiðingarnar sem skipta mestu máli í daglegu lífi barnsins. Með jákvæðum afleiðingum af námi sínu, verður barnið virkara og nær meiri og betri árangri. Þannig eykur jákvæð styrking færni sem leiðir til enn betri árangurs. Þetta og fleiri lögmál sem Skinner sýndi fram á hafa verið nýtt á margvíslegan hátt við kennslu og uppeldi barna.

Reynslan sem hlýst af orsakasamhengi sem verður milli áreitis (undanfara) og svörunar verður því undirstaðan að þróun í námi á færni eða hegðun. Afleiðingar reynslunnar geta verið á hvorn veginn sem er til styrkingar og framþróunar eða dregið úr hegðun. Á þann hátt verður afleiðingin nám, bæði til þess að auka við þekkingu og á hinn veginn að læra af reynslunni og breyta til betri vegar. Tengsl milli undanfara

(aðdraganda), hegðunar og afleiðinga kallast þriggja liða styrkingarskilmáli, sbr. hér að ofan, en tengsl milli hegðunar og afleiðinga kallast tveggja liða styrkingarskilmáli. Þessi tengsl eru oft ekki eins augljós og ætla má, en þó mikilvægur þáttur sem nýtist í námi og kennslu ef greiningin á undanfara og hegðun er notuð á markvissan hátt. Kennarinn getur nýtt sér þessar aðferðir til að barnið nái betri árangri í formlegu námi (t.d. lestri, stærðfræði) og félagslegu námi (t.d. hegðun og samskiptum). Í lokaverkefni sínu til cand.psych. gráðu lýsir Elísa Guðnadóttir (2008: 102-104) notkun á þriggja liða styrkingarskilmála á þann hátt að kennari gefur upplýsingar (áreiti) um rétta hegðun, barnið kemur með viðbragð (svörun) og fær svörun frá kennara (afleiðing). Hún lýsir tveggja liða styrkingarskilmála á þann hátt að kennari veitir t.d. viðeigandi/æskilegri hegðun barnsins eftirtekt og barnið fær svörun frá kennara (afleiðing). Tengslin milli hegðunar og afleiðinga geta verið bæði til þess að auka æskilega hegðun eða draga úr óæskilegri hegðun. Því er mikilvægt að kennarar geri sér grein fyrir og þekki þessi tengsl vel til þess að draga úr líkum á því að styrkingar séu óvart notaðar á rangan hátt og t.d. auki óæskilega hegðun eða minnki æskilega (Clark, 1998/2000: 17-19).

Hlutverk kennarans er mikilvægt í því að greina færni sem er eftirsóknarvert að styrkja fyrir barnið sjálft og veita styrkingu til að efla barnið. Barnið er ekki óvirkur einstaklingur, þó umhverfið sé stór þáttur í þroska og námi barnsins og bjóði uppá sjálfkrafa styrkingu í ýmsu formi (s.s. gleði yfir að geta leyst verkefni). Skinner taldi að ef afleiðing kæmi strax í kjölfar hegðunarinnar, þá væri árangurinn betri og meiri líkur á að sú reynsla yrði til áframhaldandi jákvæðrar og styrkjandi þróunar fyrir einstaklinginn. Afleiðing hegðunar sem á að styrkja en kemur ekki í beinu framhaldi af viðeignadi hegðun/námi, er hins vegar ómarkviss og getur leitt til áhugaleysis eða slokkunar á áframhaldandi þróun. Hlutverk kennarans er því m.a. að auka líkurnar á því að barni takist að leysa dagleg verkefni og komist í snertingu við náttúrulega styrki. Kennarinn getur hagrætt undanfara verkefnisins t.d. með því að; búta niður verkefni, velja verkefni út frá fyrri reynslu barnsins, gefa vísbendingar til áframhaldandi þróunar, skapa aðstæður og hvetja barnið áfram á sínum forsendum. Einnig er það hlutverk kennarans að hagræða afleiðingum í upphafi námsins með notkun jákvæðra styrkja s.s. að hrósa og benda á hvað hefur tekist og hvetja áfram við hverja úrlausn. Á þennan hátt leiðir kennarinn barnið áfram þar til það kemst í snertingu við náttúrulega styrki sem verða að lokum sjálfkrafa umbun barnsins. Allt þetta tengist því að barnið sé virkt í umhverfi sínu og skynji afleiðingar af hegðun sinni og læri af þeim, sér til góða.

Sameiginlegt hjá Dewey og Skinner

Gagnsemishyggja (e. *pragmatism*) er tengd heimspekinni og er upprunnin í Bandaríkjunum. Dewey er einn af brautryðjendum í þróun þeirrar áherslu sem byggir á því viðhorfi að maðurinn sé fyrst og fremst hluti af náttúrunni og þróist í samspili við umhverfi sitt. Í gagnsemishyggjunni er lögð áhersla á hagnýtan tilgang athafna, þar er engin ein rétt athöfn heldur er það upplifunin í heild sem skiptir máli. Gagnsemishyggjan leggur áherslu á að skilningur og þekking verði metin út frá hagnýtu gildi þeirra sem leiði til framfara hverju sinni. Á þessum forsendum má sjá tengsl hugmynda Skinners við Dewey. Dewey taldi að í staðinn fyrir að líta á áreiti og svörum sem aðskilda þætti, þá væri nauðsynlegt að líta á það sem samþættandi ferli (O'Donohue og Kitchener, 1999: 288-301).

Þriggja liða ferli er að finna hjá bæði Dewey og Skinner. Moxley (1997: 106-111) bendir á að Dewey hafi komið fram með þriggja liða greiningu af merkingu (e. *meaning*) einhvers sem leiðir til skilnings. Dæmi um það er að barn heyrir orðið „úlpa“ og tengir það við að klæða sig í og fara síðan út. Þetta fellur að þriggja liða styrkingarskilmála eins og Skinner setti fram þ.e. áreiti (úlpan)-svörum (klæða sig í)-afleiðingar (fara út). Samkvæmt Dewey, byggir barnið á reynslu sinni og yfirfærir hugtakið úlpa á það sem gerist næst þ.e. barnið heyrir orðið úlpa þá birtist ákveðin mynd (hugsun) sem leiðir til hegðunar sem byggir á fyrri reynslu. Dewey lýsti velþóknun sinni á hugmynd Skinners um tveggja liða styrkingarskilmála á þann hátt að hagnýtt gildi tengsla milli hegðunar og afleiðinga, felst m.a. í að afleiðingar séu í formi munnlegra athugasemda sem koma eftir ákveðna hegðun. Hér má nefna sem dæmi jákvæða styrkingu sem felst m.a. í hrósi til styrkingar á ákveðinni hegðun og svörum við spurningum sem leiða til áframhaldandi náms (Moxley, 1997: 111). Ígrunduð hugsun hjá Dewey felst í því að finna tengsl milli orsaka og afleiðinga sem leiða til áframhaldandi þróunar/úrlausnar og virk skilyrðing hjá Skinner felur í sér tengsl undanfara og afleiðinga sem hafa áhrif á þróun hegðunar/færni. Með hugsun getur einstaklingur metið hvaða svörum er best að framkvæma með hliðsjón af fyrri afleiðingum. Á þann hátt getur einstaklingurinn stjórnað athöfnum sínum með fyrirhyggju og skipulagt sig út frá markmiðum. Hann tengir saman undanfara og svörum og sér fyrir afleiðingar. Hvernig einstaklingurinn hugsar getur því haft áhrif á svörunina út frá afleiðingunum og þá metið hvað sé best að gera. Í þessu ferli er sótt í reynsluna þ.e.a.s. þá reynslu sem er til staðar hjá einstaklingnum og nýtist til þess að þróa sig áfram í „réttu átt“. Segja má að í kenningum Deweys sé rætt um að það sé reynslan sem

skapaði nám á sama hátt og hjá Skinner er rætt um styrkingasögu þ.e. uppsafnaða reynslu einstaklings af afleiðingum, út frá þeirri forsendu að í upphafi hafi verið áreiti sem leiddi til svörunar sem aftur leiddi til afleiðinga sem hefur áhrif á hvernig einstaklingur vinnur áfram sjálfum sér til góða. Einnig á sér stað ákveðin alhæfing þegar hægt er að nýta eina reynslu við lausn á verkefni í svipuðum aðstæðum.

Hlutverk kennarans í námi barna er mikilvægt hjá báðum fræðimönnunum. Dewey (1933/2000a: 321-326) fór ítarlega í hlutverk kennarans í sínum fræðum. Hann taldi kennarann vera stjórnanda á þann hátt að kennarinn skapar umhverfi sem er menntandi fyrir barnið á fjölbreyttan hátt. Kennarinn þarf að búa yfir mikilli þekkingu bæði tæknilegri og faglegri til að geta leitt barnið áfram í verkefnum, á þann hátt að barnið nýti fyrri reynslu til að byggja á og læra af, sjálfu sér og samfélaginu til góða. Tæknileg þekking kennarans lýtur því að m.a. sálarfræði og kennsluaðferðum til að geta sniðið námið að þörfum barnanna á þann hátt að það gagnist þeim til þroska og framfara. Fagleg þekking snýr að innihaldi viðfangsefnisins (t.d. námsgreinar), en kennarinn þarf að hafa hæfni til að blanda þessu saman í þágu barnsins. Atferlisfræðin byggir á því að umhverfið hafi mikil áhrif á þroska barnsins og dæmi er tekið um málþroska barna (Schlinger, 1995: 178-181). Þar má t.d. nefna það, að læra tungumál er í grundvallaratriðum eins og önnur virk hegðun. Foreldrar bregðast við málfarstjáningu barnsins, bæði kerfisbundið og ósjálfrátt, og styrkja á þann hátt málþroska barnsins. Að sama skapi þarf kennarinn að vita hver reynsla og þekking barnsins er til að geta lagt fyrir verkefni (undanfara) sem veldur því að úrlausnin (hegðun/nám barnsins) hafi þá afleiðingu að barnið upplifi jákvæða styrkingu. Þar er þessi þriggja liða styrkingarskilmáli í hnotskurn þ.e. undanfari (verkefni, örvun kennarans) –hegðun (úrlausn, eftirherma barnsins) –afleiðing (t.d. styrking, meiri virkni/örvun í samskiptum við aðra). Á þennan hátt eru t.d. hliðstæður í kenningum Deweys og atferlissinna, því virkni einstaklingsins verður að vera til staðar til þess að geta lært og tileinkað sér nýja þekkingu/hegðun.

Kennslunálgun tengd við Dewey og Skinner hefur verið þróuð í Bandaríkjunum og nefnist „The Morningside Model of Generative Instruction”. Þessi nálgun er byggð á atferlisgreiningu en höfundarnir hafa bent á hliðstæður í hugmyndafræði Deweys og kenningum Skinners út frá heimspeki- og atferlisfræða sjónarmiðum. Nálgunin byggir á skýrum vinnubrögðum kennarans sem kemur til móts við nemandann þar sem hann er staddur og notar markviss verkefni sem bæta við hæfni hans. Byrjað er á verkefnum þar sem kennarinn veitir skýrar upplýsingar um framkvæmd verkefnis og nemandinn getur

æft sig og byggt upp grunn að færni til að leysa fleiri og flóknari verkefni. Lögð er áhersla á að jákvæðar afleiðingar séu tíðar og komi strax í kjölfar úrlausnar nemandans, ásamt uppbyggilegum leiðréttingum þegar þess þarf. Þá er dregið úr jákvæðum kennarastýrðum „afleiðingum” og nemandinn fer að upplifa eigin sigra sem jákvæðar afleiðingar af sinni getu þ.e. að læra af sigrum sínum og eigin getu og þá endar afleiðingin í sjálfstæðri svörun nemandans (Johnson og Street, 2005: 20-25). Hér er því verið að nýta virka skilyrðingu frá Skinner, sem á sér hliðstæðu í hugmyndum Deweys um ígrundaða hugsun og að læra af reynslu. Dewey (1933/2000a: 27-29) taldi það mikilvægt að læra af reynslunni þ.e. að taka eftir afleiðingum athafna og finna orsakatengsl. Hlutverk kennarans er hér mikilvægt bæði faglega og tæknilega. Kennarinn þarf að geta greint hvað það er sem barnið getur nýtt sér og leiðir til jákvæðrar styrkingar. Námsefnið og kennslunálgunin eru sniðin að hverju barni fyrir sig og jákvæðum styrkjum er beitt til að efla færni barnsins. Í upphafi er gagnlegt að nota sístyrkingu fyrir hvert „afrek” nemandans, svo er hægt að veita vísbendingu (*e. cue*) í vinnuferlinu til að styðja nemandann áfram og síðan leiðandi vísbendingu (*e. prompt*) til að gefa nemandanum enn frekari tækifæri á að vinna að úrlausninni sjálfur og uppskera eigin sigur (Woolfolk, 2007: 214). Margar rannsóknir hafa sýnt ótvíræðan árangur nemanda þar sem aðferðir sem þessar eru notaðar í kennslu barna. Benda má á að ítarleg gögn eru til um árangur nemenda þar sem kennslunálgunin sem tengd er við Morningside Model er notuð. Þar má nefna rannsóknir sem náðu yfir ellefu ára tímabil, sem sýndu að meðaltalsframfarir nemenda námu að meðaltali tveimur til þremur árum á einu skólaári (Johnson og Layng, 1992).

Viðhorf til kenninga Deweys og Skinners

Kenningar Deweys hafa notið mikilla vinsælda hér á landi. Hann kom með nýjar áherslur í skólasamfélagið upp úr 1920 þar sem lögð var m.a. áhersla á lýðræði, frelsi og breytta kennsluhætti í anda heimspekinnar (Kristín Indriðadóttir, 1995: 9-14). Dewey skrifaði ótal greinar og bækur um menntamál. Þræðir úr kenningu Deweys liggja í mörgum skólanámskrám, greinum í uppeldis- og menntatímaritum, þróunarverkefnum og lokaverkefnum nemenda á háskólastigi.

Kenningar Skinners hafa ekki notið slíkra vinsælda hér á landi. Kenningar í atferlisfræðum hafa glímt við fordóma og misskilning á gildi aðferðanna til náms og þroska barna. Gagnrýni á atferlistefnuna má hugsanlega tengja við grunnrannsóknir á

lögmaum um hegun og atferli. Þar hafa tilraunir á dýrum veri gerar m.a. til a kanna áhrif afleiinga (s.s. umbunar og refsingar) á hegun þeirra og sýna fram á ákvein lögma sem gilda um hegun. Tala hefur veri um ómannúlegar aferir hjá Skinner, þrátt fyrir a hann hafi stöugt lagt áherslu á a laa fram atferli með jákværi styrkingu (jákvæum afleiingum) en ekki refsingu (Sigurur J. Grétarsson, 2005: 67).

Þegar flett er í nokkrum gagnasöfnum hrlendis (athuga 15. febrúar 2009) kemur í ljós a efni tengt við Dewey er langtum meira en efni tengt við Skinner. Í töflu 1 má sjá nokkur gagnasöfn þar sem slegin voru inn í leitarlínuna Dewey og Skinner (sitt í hvoru lagi). Vi leit á vefsíunni skemman.is þar sem birt eru lokaverkefni nemenda við fjóra háskóla á Íslandi, reyndust 20% verkefnanna með tengsl við Skinner á móti 80% verkefnanna með tengsl við Dewey. Í Netlu sem er rafrænt tímarit í uppeldis- og menntamáum reyndust greinar með tengsl við Skinner aðeins 11% en greinar með tengsl við Dewey 89%, þegar greinar með þeim báum (sitt í hvoru lagi) eru kallaar fram. Þessar upplýsingar gefa sterka vísbendingu um a mun meiri áhugi sé á kenningum Deweys en Skinners (sjá töflu 1).

Tafla 1. Yfirlit um fjölda verkefna þar sem nöfnin Dewey ea Skinner koma fyrir, þegar þau eru slegin inn sem leitaror í tilteknum gagnasöfnum (athuga 15. febrúar 2009).

<i>Gagnasafn</i>	<i>Dewey Fjöldi við leitarinnslátt</i>	<i>Skinner Fjöldi við leitarinnslátt</i>
Google – leit á öllum vefnum	31,200,000	15,500,000
Google – leit á ísl. síum	36,000	10,600
Gegnir.is	31	23
Netla – vefímarit um uppeldi og menntun	33	4
Háskólavefurinn, hi.is	24	4
Skemman – rafrænt gagnasafn með flestum lokaverkefnum nemenda frá: Menntavísindasvii H.Í., Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst og Listaháskóla Íslands	240	59

Í umfjöllun ýmissa fræimanna hér á landi má sjá og heyra a Dewey er kynntur sem heimspekingur og menntafrömuur, en þess er síur geti a hann var einnig

sálfræðingur að mennt (Gunnar Ragnarsson, 1999: 159; Jóhanna Einarsdóttir, 1997: 28). En Skinner er sálfræðingur og er kynntur sem einn af frumkvöðlum atferlisfræða. Á námskeiði um stefnur og starf í leikskólafræði við KHÍ, vorið 2008, var lagt fram lesefni til leikskólakennaranema þar sem fjallað var um ólíka sýn fræðimanna og kenningar tengda þeim, í uppeldis- og menntamálum, á börn og hvernig þau læra. Í einum kaflanum er fjallað um sýn á börn út frá kenningum í atferlisfræði (MacNaughton, 2003: 24-31). Tekið er dæmi (bls. 25) sem vísar í kenningar Skinners (lauslega þýtt):

Lítill stúlka missir kubba, hún heyrir hljóðið og missir kubbana aftur og aftur, lætur þetta nýja og spennandi hljóð endast. Í kenningu Skinners er hljóðið styrkingin sem stjórnar hegðun hennar. Samt sem áður, missir þessi styrkir áhrif sín fljótt, því hún verður fljótt áhugasamari um flóknari útkomu.

Þetta dæmi gerir lítið úr námi barnsins. Það er gefið í skyn að stúlkan verði leið á þessu og fari í leiki sem séu meira þroskandi fyrir hana. Hér er ekki dregið fram námið sem felst í endurtekningunni og að gleðjast yfir því að geta t.d. stjórnað kubbnum og búið til hljóð. Það er ekki dregið fram að þessi athöfn stúlkunnar er mikilvæg reynsla í tilraun sem muni gagnast henni til að byggja nýja færni á í öðrum verkefnum. Það er ekki bent á að styrkirinn, sem hljóðið er, breytist yfir í flóknari útkomu sem leiðir til meira náms. Í áður nefndu lesefni um atferlisfræðina eru spurningar til kennara sem ætlaðar eru til þess að vekja þá til umhugsunar um hvernig börn læra. Ein spurningin (bls.31) er á þessa leið:

Hvernig liði þér og hvernig myndir þú hegða þér, ef þú hefur ekkert val og enga stjórn á þínu lífi?

Þessi spurning sýnir ekki atferlisfræðina sem jákvæða uppeldis- og námsleið fyrir kennara þegar hann er að skoða og móta viðhorf sín á nám og uppeldi barna eða þegar hann er að velja sínar starfsáherslur sem kennari.

Dæmi eru um að fræðimenn taki það sérstaklega fram í sínum skrifum að viðkomandi hugmyndafræði sé ekki sótt í atferlisfræðina og jafnframt gagnrýna atferlisfræðina nokkuð harkalega með áherslu á að þar sé verið að þjálfa einstaklinga, eins og viljalaus dýr til hlýðni, að þörfum hinna fullorðna. Gossen (2008, 15) kemur inn á þetta í bók sinni *Barnið mitt er gleðigjafi*, sem er uppeldisbók fyrir foreldra og byggir á hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar (*e. restitution*). Þar segir t.d. í inngangi bókarinnar: „Hvergi í þessari bók gef ég ráðleggingar um hvernig refska skuli börnum”

(Gossen, 2008: 14) og segir að flest agakerfi og aðferðir séu þvingunarkerfi sem byggjast á umbun og refsingu og tekur dæmi um tveggja vikna barn sem er flengt til þess að læra að sýna virðingu. Atferlisfræðingar leggjast gegn slíkum aðferðum enda eru jákvæðar aðferðir miklu árangursríkari en refsing. Til að mynda Skinner taldi að refsingar væru ónothæf kennslutækni og gagnslitlar til lengri tíma litið (Guðríður Adda Ragnarsdóttir, 1991). Umfjöllun um atferlisfræðina á ofantalinnum hátt hefur rýrt gildi þessarar kenningar sem kennslutækis og reynt að draga í efa að atferliskenningar séu góðar og gildar aðferðir í uppeldi og námi barna.

Reitman (1998, 143-157) hefur svarað neikvæðri umfjöllun og gagnrýni á atferlisfræðina í grein sinni „Punished by Misunderstanding” og bendir á margar rannsóknir sem sýna fram á að aðferðir í anda atferliskenninga hafa borið mikinn árangur við uppeldi og nám barna. Reitman (bls. 150-151) svarar gagnrýni um að þeir sem nota atferliskenningu láti sig ekki varða vernd né velferð barna og bendir á að svokallaðir hegðunarsamningar, sem hægt er að finna í ýmsum aðferðum í uppeldi (t.d. hjá Gossen), séu þróaðir út frá atferlisfræðinni og eru gagnlegir til að vinna að velferð barna og auka og bæta fjölskyldutengsl. Gagnrýninni um að atferliskenningin sé tæki til að stjórna hegðun og tilgangur hennar sé hlýðni hefur Reitman (bls. 148) svarað og bent m.a. á að hægt er að nota lögmál atferlisgreiningar til þess að kenna sjálfstjórn, að ýta undir sjálfsbjörg og að auka færni á ýmsan hátt, samanber umfjöllun um árangur Morningside nálgunarinnar hér að framan.

Á undanförunum árum hefur þeim fjölgað sem tengja ýmsar aðferðir í uppeldi og menntun barna við atferlisfræðina. Gefnar hafa verið út handbækur fyrir kennara og foreldra þar sem þessar aðferðir eru kynntar. Þar má m.a. nefna eftirfarandi bækur: *Gríptu til góðra ráða* (Guðríður Adda Ragnarsdóttir, 1999) sem er handbók fyrir kennara, *SOS-hjálp fyrir foreldra* (Clark, 1998/2000) sem er handbók ætluð foreldrum o.fl., *Til fyrirmyndar* (Sprague og Golly, 2008) sem er handbók fyrir kennara, *Töfrar 1,2,3*, (Phelan, 2008/1995) sem er handbók fyrir foreldra, *Uppeldisbókin* (Christophersen og Mortweet, 2004/2003) sem er handbók fyrir uppalendur og er tengd námskeiði sem Miðstöð heilsuverndar barna hefur haldið fyrir foreldra og leikskólakennara. Til merkis um það hversu viðurkenndar þessar aðferðir eru, má nefna að nokkrir leik- og grunnskólar hafa tekið upp heildstæðar vinnuaðferðir sem sóttar eru í atferlisfræðina t.d. PBS (*e. Positive Behavior Support*) og byggja á fyrirbyggjandi aðgerðum og jákvæðum afleiðingum til styrkingar á viðeigandi hegðun/námi barna (Reykjavík, e.d; Center on the Social and Emotional Foundations for Early Learning,

e.d.). Lögð er áhersla á að breyta undanfara á þann hátt að hann ýti undir viðeigandi/æskilega hegðun og nám hjá börnum. Vinnuaðferðir kennara felast m.a. í því að nota skýr fyrirmæli og sjónrænar vísbendingar til þess að börn eigi betra með að vinna að verkefnum og á þann hátt sem til er ætlast af þeim. Einnig er lögð áhersla á að leiðrétta barn og gefa vísbendingar á uppbyggilegan og jákvæðan hátt, sem gefur barninu tækifæri til að „takast“ að vinna það verkefni sem það er að glíma við hverju sinni. Í eftirfarandi leikskólum í Reykjavík er verið að innleiða vinnuaðferðir byggðar á heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun; Arnarborg, Fellaborg, Skógarborg og Suðurborg. Einnig hafa skólayfirvöld í a.m.k. tveimur sveitarfélögum lagt áherslu á þessar vinnuaðferðir. Þar má nefna Reykjanesbæ þar sem öllum foreldrum og starfsmönnum, sem vinna með börn á aldrinum tveggja til tólf ára, er boðið á SOS uppeldisnámskeið sér að kostnaðarlausu (Reykjanesbær, e.d.). Einnig eru nokkrir skólar að innleiða og vinna eftir svokölluðu SMT kerfi sem er hafnfirsk útfærsla af PBS (Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, e.d.).

Rannsókn

Í leikskóla er uppeldi og nám samtvinnað þátttöku barna og kennara í daglegum þáttum s.s. leiknum, að klæða sig í útiveru og koma inn frá útiveru, ýmsum skipulögðum stundum (lestur, tónlist, hreyfing) og matmálstímum. Grunnurinn að færni barnsins er lagður á heimilum þeirra og jafnframt í leikskóla. Í leikskóla verður mótun sem barnið byggir á til framtíðar. Líklegt er að hrós og jákvæð samskipti séu mikið notuð, því börnin eru á þeim aldri að þau eru að þroskast og læra um ýmsa færni og æfa sig í ýmsum verkefnum. Þó svo starfsmenn telji sig nota hrós og jákvæða athygli er ekki víst að þeir tengi það við atferliskenningu Skinners um virka skilyrðingu. Elísa Guðnadóttir (2008) bendir á í rannsókn sinni: *Áhrif innleiðingar fyrsta hluta heildstæðs stuðnings við jákvæða hegðun á vinnubrögð leikskólastarfsfólks og hegðun leikskólabarna*, að ósamræmis gæti á milli sjálfsmats starfsmanna á notkun jákvæðrar styrkingar og beinnar skráningar matsmanna á notkun jákvæðrar styrkingar í vinnu starfsmanna. Áhugavert er að skoða viðhorf og vinnubrögð leikskólakennara í leikskólum sem kenna sig við hugmyndafræði Deweys og sjá hvort þar séu notuð vinnubrögð í anda atferlisfræða og þá sérstaklega virkrar skilyrðingar Skinners.

Markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort leikskólakennarar, sem starfa í leikskólum eftir hugmyndafræði Deweys, notuðu jákvæða styrkingu í samskiptum

sínum við börn út frá kenningu Skinners um virka skilyrðingu. Einnig að kanna viðhorf leikskólakennaranna til atferlisfræða og hvort þeir töldu að hugmyndafræði Deweys samræmdist kenningum í atferlisfræði. Með beinu áhorfi á vinnubrögð leikskólakennara og með spurningalista var ætlunin að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Kemur fram í vinnubrögðum leikskólakennara, sem vinna eftir hugmyndafræði Deweys, notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna í anda virkrar skilyrðingar í kenningum Skinners?
2. Er munur á sjálfsmati leikskólakennara, sem vinna eftir hugmyndafræði Deweys, á notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna í matmálstíma samanborið við skráningu á þeim vinnubrögðum með beinu áhorfi?
3. Er samræmi á sjálfsmati leikskólakennara, sem vinna eftir hugmyndafræði Deweys, á notkun jákvæðrar athygli í kjölfar af viðeigandi/æskilegri hegðun barns og hvort þeir telji hugmyndafræði Deweys samræmast kenningum í atferlisfræði (t.d. kenningum Skinners um virka skilyrðingu)?

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur voru sextán leikskólakennarar, allt konur, í tveimur leikskólum í Reykjavík. Leikskólarnir sem voru valdir vinna eftir hugmyndafræði Deweys og eru í svokölluðum Bugðuhóp. Það eru leikskólar sem eru saman í hóp (keðja) og vinna eftir sömu hugmyndafræði, þó þeir séu hver með sína námskrá. Þeir voru valdir vegna þessarar yfirlýstu stefnu þeirra. Annar leikskólinn hefur starfað lengi en hinn leikskólinn er tiltölulega nýr. Eldri leikskólinn hefur gefið út námskrá, en sá nýi er ennþá að vinna í sinni námskrá. Í eldri leikskólanum eru tvær deildir með um 55 börn og í yngri leikskólanum eru fjórar deildir með um 90 börn. Allir (átján) leikskólakennarar beggja leikskólanna fengu spurningalista til að svara sem sextán svöruðu og að auki voru skráð vinnubrögð hjá fjórum þeirra (tveimur í hvorum leikskóla). Leikskólastjórar voru beðnir um að velja (eftir hentugleika) þessa fjóra leikskólakennara sem leyfðu skráningu á vinnubrögðum þeirra í matmálstíma. Yfir helmingur, þ.e. 62,5%, leikskólakennaranna höfðu starfað í fimm ár eða lengur sem kennarar.

Mælitæki

Skráningarblað (sjá viðauka 1) var útbúið af rannsakanda til að meta hvort leikskólakennarar notuðu jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns. Með beinu áhorfi skráðu tveir matsmenn samtímis á skráningarblaðið eftir ákveðnu kerfi (sjá leiðbeiningar í viðauka 2) hvort leikskólakennari veitti barni jákvæða athygli eftir viðeigandi/æskilega hegðun þess (sjá skilgreiningu í viðauka 1 og 2). Skilgreining á viðeigandi/æskilegri hegðun var unnin upp úr námskrá leikskólanna og Aðalnámskrá leikskóla.

Á skráningarblaðinu er einn dálkur með fjörutíu línur til að skrá í hvort ofantalin vinnubrögð voru viðhöfð eða ekki. Hver lína táknar 15 sekúndur (10 sekúndur til áhorfs og 5 sekúndur til skráningar). Skráningartíminn var 10 mínútur. Matsmenn hlustuðu á fyrirmæli, um hvenær áhorf væri og hvenær ætti að skrá, úr i-Pod spilara með heyrnartólum sem aðeins þeir heyrðu úr. Forritið í i-Pod spilarann var fengið hjá Elísu Guðnadóttur og var það sama og hún notaði við rannsókn sína 2008.

Spurningalisti (sjá viðauka 3) var útbúinn af rannsakanda fyrir leikskólakennarana þar sem spurt var um notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegri hegðun barns í matmálstíma og um viðhorf til kennslu/uppeldisaðferða. Tvær spurningar voru með svarmöguleikum á 5 bila kvarða frá „mjög lítið” til „mjög mikið” og ein spurning var opin, þar sem spurt var um viðhorf til hugtaksins „atferlisfræði”.

Rannsóknaraðstæður

Beinar áhorfsmælingar fóru fram í matartíma um hádegið í báðum leikskólunum. Aðstæður voru svipaðar í leikskólunum. Borðað var í sal leikskólanna og börnunum skipt í tvo hópa þ.e. yngri börnin borðuðu á undan og þau eldri borðuðu á eftir þeim. Í salnum voru 4-6 borð (eftir barnafjölda í leikskólanum). Við hvert borð voru einn til tveir starfsmenn og sex til átta börn. Búið var að setja öll mataráhöld og mat á borðið þegar börnin komu inn. Það gerðu nokkur börn ásamt nokkrum starfsmönnum. Börnin settust í sitt sæti og biðu eftir að leikskólakennari kæmi til þeirra. Borðað var við svo kallað Bogaborð sem er eins og hálfmáni. Börnin sátu utan með hringnum og leikskólakennarinn í miðjunni. Misjafnt var hvort þau skömmtuðu sér sjálf eða hvort leikskólakennarinn aðstoðaði þau í samráði við viðkomandi barn. Á sumum borðunum byrjuðu börnin að borða um leið og þau voru komin með allan matinn á diskinn sinn, en á öðrum borðum var beðið þar til allir voru búnir að fá á diskinn sinn. Eftir matinn var ýmist að börnin gengu frá sínum mataráhöldum á hliðarvagn eða leikskólakennarinn safnaði saman á borðinu. Misjafn var hvort þau biðu þar til allir voru búnir að borða eða fóru inn á deildina sína fljótlega eftir að þau voru sjálf búnir að borða. Matsmenn hófu skráningu þegar byrjað var að borða þ.e. um leið og leikskólakennarinn bauð börnunum að byrja að borða og skráningu var yfirleitt lokið þegar börnin voru komin langleiðina með að borða.

Rannsóknarsnið

Til að svara fyrstu rannsóknarspurningunni, um notkun jákvæðrar athygli leikskólakennara í anda kenningar Skinners um virka skilyrðingu, var notuð skráning með beinu áhorfi á vinnubrögð leikskólakennara. Til að svara annarri rannsóknarspurningunni, um mun á sjálfsmati leikskólakennaranna og skráningu á vinnubrögðum með beinu áhorfi, var borin saman niðurstaða á sjálfsmati allra

leikskólakennaranna (sextán) um notkun jákvæðrar athygli í matmálstíma og skráningu matsmanna með beinu áhorfi á sama þátt hjá fjórum þeirra. Þriðju rannsóknarspurningunni, um hvort samræmi væri á milli sjálfsmats leikskólakennaranna um notkun á jákvæðri athygli og hvort þeir telji hugmyndafræði Deweys samræmast kenningum í atferlisfræðum, var svarað með því að bera saman áður nefnt sjálfsmat leikskólakennaranna við viðhorf þeirra til atferlisfræða þ.e. hvort þeir töldu að hugmyndafræði Deweys samræmist þeim kenningum (t.d. Skinners um virka skilyrðingu).

Frumbreytan var yfirlýst stefna leikskólanna um að starfa eftir hugmyndafræði Deweys.

Fylgibreyturnar voru fjórar, a) sjálfsmat þátttakenda á notkun jákvæðrar athygli í matmálstíma, b) viðhorf þeirra til atferlisfræða, c) mat þeirra á hvort þeir töldu hugmyndafræði Deweys samræmast atferlisfræðum og d) hlutfall athugunartímabila sem þeir reyndust nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi hegðunar barna. Leikskólakennarar vissu ekki hvað verið var að skrá í beinu áhorfi matsmanna.

Megindleg aðferð var notuð til þess að taka saman niðurstöður í tölulegt yfirlit fyrir allar rannsóknarspurningarnar. Eigindleg aðferð var notuð í einni opinni spurningu í spurningalistnum um viðhorf til atferlisfræða og svörin greind og kóðuð í flokka eftir innihaldi. Gögn úr sjálfsmati og beinu áhorfi voru borin saman. Borið var saman sjálfsmat frá 16 leikskólakennurum og meðaltalsniðurstaða af skráningu með beinu áhorfi frá 4 þeirra. Einnig var borið saman hvort það væri samræmi á milli sjálfsmats um notkun á jákvæðri athygli í kjölfar af viðeigandi/æskilegri hegðun barns og hvort leikskólakennarar töldu hugmyndafræði Deweys samræmast kenningum í atferlisfræðum.

Til að finna hlutfall úr niðurstöðum með beinni áhorfsmælingu var fjöldi bila þar sem leikskólakennarar notuðu jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegri hegðun barns, deilt með heildarfjölda bila á áhorfstímanum. Til að hægt væri að skoða samræmi á milli mats með beinu áhorfi og sjálfsmats um jákvæða athygli, var svörum úr spurningalistanum umbreytt í prósentur þ.e. mjög lítið var látið samsvara notkun í 0-19% af athugunartímabilunum, lítið var 20-39%, miðlungs var 40-59%, mikið var 60-79% og mjög mikið var 80-100%.

Framkvæmd

Í janúar 2009 var fengið leyfi fyrir rannsókninni hjá Leikskólasviði Reykjavíkur og rannsóknin tilkynnt til Persónuverndar. Haft var samband við leikskólastjóra og óskað eftir þátttöku þeirra. Skriflegt leyfi kom frá leikskólastjórum í byrjun febrúar. Leikskólastjórar og leikskólakennarar fengu kynningarbréf (sjá viðauka 4 og 5) og gátu leikskólakennarar hafnað því að taka þátt. Kynningarbréf til foreldra (sjá viðauka 6) var sett upp í fataherbergi leikskólanna til þess að gefa þeim kost á að hafna því að barnið þeirra væri á svæði þar sem matsmenn voru að horfa á vinnubrögð leikskólakennara. Engar athugasemdir komu.

Bein áhorfsmæling fór fram í lok febrúar. Rannsakandi fékk til liðs við sig aðstoðarmann við skráningarnar. Matsmenn skráðu með beinu áhorfi á skráningarblaðið eftir fyrirætlum (sjá viðauka 2) úr i-Pod tæki. Þeir æfðu áður skráningu þar til samræmi á milli skráninga þeirra var a.m.k. 80% í sömu tilvikunum (sjá nánar í umfjöllun um áreiðanleika skráninga). Leikskólastjórar völdu eftir hentugleika fjóra leikskólakennara og fengu samþykki hjá þeim. Skráð var notkun jákvæðrar athygli leikskólakennaranna í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns, í einum matmálstíma, á tímabilinu 23.-27. febrúar í 10 mínútur hjá hverjum þeirra. Matsmenn komu sér fyrir í u.þ.b. 1.5 metra fjarlægð frá matarborðinu (þó það nálægt að þeir heyrðu samtal leikskólakennarans og sáu líkamlega tjáningu hans við börnin), heilsuðu börnunum og sögðu þeim að þeir væru að gera verkefni. Matsmenn settu á sig heyrnartólin og skráðu í 10 mínútur og eftir það þökkðu þeir fyrir og fóru. Þess var gætt að matsmenn sáu ekki skráningu hjá hvor öðrum. Lítil truflun var við borðhaldið. Börnin virtust ekki hafa neinn sérstakan áhuga á þessum matsmönnum, þau voru upptekin af borðhaldinu. Sjá upplýsingar um fyrirkomulag skráningar í viðauka 2.

Spurningalistinn var afhentur leikskólastjóra, sem afhenti hann til allra leikskólakennaranna, í byrjun mars, eftir að beinum athugunum á notkun jákvæðrar athygli leikskólakennara var lokið. Svör við spurningalistanum bárust frá sextán af átján leikskólakennurum, svarhlutfall var 88,9%.

Áreiðanleiki

Matsmenn forprófuðu skráningaraðferðina þar til þeir náðu 80% samræmi í skráningu á jákvæðri athygli leikskólakennara í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna. Æfingin í skráningum var gerð fjórum sinnum. Tveir matsmenn skráðu samtímis

í 10 mínútna athugun með beinu áhorfi á vinnubrögð hjá tveimur leikskólakennurum í hvorum leikskóla við matmálstíma. Áreiðanleikamælingar á vettvangi voru 100%, því þar skráðu báðir matsmenn öll áhorfin. Leikskólakennarar vissu ekki hvað verið var að athuga nákvæmlega. Þeim var sagt að verið væri að skoða samskipti í ákveðnu verkefni. Í töflu 2 má sjá samræmi í skráningum sett fram sem hlutfall (prósentu) af skráningum þar sem matsmenn skráðu eins af heildarfjölda skráninga. Meðaltal í samræmingu skráningar var 85% og spönnin var 5 prósentustig (82,5%-87,5%).

Tafla 2. *Samræmi matsmanna í beinni áhorfsmælingu.*

	<i>Matsmenn sammála í skráningu</i>		<i>Samtals sammála skráning</i>	<i>Hlutfall af heildarfjölda³</i>
	<i>Skráð athygli¹</i>	<i>Engin skráning²</i>		
Leikskólakennari 1	17	16	33	82,5%
Leikskólakennari 2	19	16	35	87,5%
Leikskólakennari 3	15	20	35	87,5%
Leikskólakennari 4	16	17	33	82,5%
Meðaltal	16,75	17,25	34	85%

¹ Leikskólakennari notar jákvæða athygli í kjölfar viðeig./æskil. hegðun barns (sjá nánar í mælitæki)

² Leikskólakennari notar ekki jákvæða athygli hvort sem barn sýndi viðeigandi/æskileg hegðun eða ekki (sjá nánar í umfjöllun um mælitæki)

³ Hægt var að skrá 40 sinnum (40 bil í skráningu, ein skráning í hverju bili)

Niðurstöður – umræða

Í þessum kafla er niðurstaða og umfjöllun um hverja rannsóknarspurningu fyrir sig. Í lok kaflans er samantekt og umfjöllun á svörum leikskólakennara úr spurningarlistanum um viðhorf þeirra til atferlisfræða.

Notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna

Í fyrstu rannsóknarspurningunni var verið að athuga hvort leikskólakennarar sem vinna eftir hugmyndafræði Deweys notuðu jákvæða athygli í samskiptum sínum við börnin í anda kenningar Skinners um virka skilyrðingu. Skráð voru vinnubrögð hjá fjórum leikskólakennurum. Í töflu 3 má sjá að jákvæð athygli var veitt í kjölfar

viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í 37,5% til 47,5% af áhorfstímabilunum, að meðaltali 41,8%.

Tafla 3. *Hlutfall athugunartímabila þar sem jákvæð athygli var veitt í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matartíma.*


<i>Kennari</i>	<i>Fjöldi jákvæðrar athygli</i>	<i>Hlutfall</i>
K. 1	17 af 40 mögulegum	42,5%
K. 2	19 af 40 mögulegum	47,5%
K. 3	15 af 40 mögulegum	37,5%
K. 4	16 af 40 mögulegum	40,0%
Meðaltal	16,75 af 40 mögulegum	41,8%

Skráningin fór fram í hádegismatartíma og hófst um leið og borðhaldið byrjaði. Allir leikskólakennararnir veittu jákvæða athygli í upphafi skráningar, síðan dró úr jákvæðri athygli sem varð stopull og var þá leikskólakennarinn að matast. Líklegt má telja að það hefðu verið fleiri skráningar ef leikskólakennarar hefðu ekki verið sjálfir að borða heldur eingöngu verið að sinna börnunum á þessum tíma. Matsmenn voru sammála um að helsta jákvæða athyglin (sjá skilgreiningu í viðauka 1) hafi falist í eftirfarandi vinnubrögðum leikskólakennara; aðstoða barn með verkefni eða athafnir, endurtaka það sem barn segir eða svara spurningum þess með jákvæðum/hlutlausum tón eða svipbrigðum og veita hrós, hvatningu, ástúðleg/vinaleg orð. Börnin fengu oft jákvæða athygli fyrir viðeigandi/æskilega hegðun sem þau sýndu í matmálstímanum. Líklegt er að sú athygli hafi styrkjandi áhrif á hegðun þeirra samkvæmt kenningum Deweys og Skinners. Því má segja að leikskólakennarar hafi verið að nota jákvæða styrkingu (meðvitað eða ómeðvitað) sem er ein gerð virkrar skilyrðingar í anda Skinners.

Samræmi milli sjálfsmats leikskólakennara og gagna úr beinu áhorfi

Með annarri rannsóknarspurningunni var leitast við að svara hvort það væri munur á sjálfsmati leikskólakennara og niðurstöðum með beinu áhorfi á notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna í matmálstíma. Borin var saman skráning af beinu áhorfi á notkun jákvæðrar athygli hjá fjórum leikskólakennurum við sjálfsmat úr spurningalista (spurning 1 í viðauka 3) frá sömu leikskólakennurum ásamt tólf öðrum. Á mynd 1 má sjá hversu mikið leikskólakennarar telja sig nota jákvæða

athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma. Í sjálfsmatinu telja tíu (62%) leikskólakennarar sig nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma mikið eða á bilinu 60-79% og fjórir (25%) leikskólakennarar telja sig nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma mjög mikið eða á bilinu 80-100%. Meðaltal sjálfsmats leikskólakennaranna reyndist vera 72,5% en meðaltal jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma metin með beinu áhorfi var 41,8% (sjá töflu 3).



Mynd 1. *Sjálfsmat leikskólakennara á notkun jákvæðrar athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna í matmálstíma.*

Ósamræmi kom fram á milli beins áhorfs og í sjálfsmati leikskólakennara um notkun á jákvæðri athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna í matmálstíma. Leikskólakennarar töldu sig nota meira af jákvæðri athygli heldur en kom fram með beinu áhorfi. Hugsanlega má skýra þetta misræmi á sjálfsmati og skráningu með beinu áhorfi, að leikskólakennarar eru að matast á sama tíma og þeir eru að vinna með börnunum. Tíðni jákvæðrar athygli í skráningunni með beinu áhorfi var meiri í upphafi skráningar en varð stopull þegar leikskólakennararnir fóru að matast. Þessar niðurstöður eru ólíkar þeim sem komu fram í rannsókn Elísu Guðnadóttur (2008: 19 og 40). Þar reyndist ósamræmi á milli sjálfsmats og beins áhorfs á þann hátt að leikskólakennarar vanmátu jákvæða athygli sem þeir veittu. Hugsanlega eru niðurstöðurnar ólíkar því í rannsókn Elísu var annar þáttur í daglegu starfi leikskólanna


skráður með beinu áhorfi þ.e. samverustundir og fleiri þættir voru í sjálfsmati starfsmanna. Erfitt er að skoða vinnubrögð nákvæmlega með þeirri aðferð sem notuð var þ.e. beinu áhorfi. Það þyrftu að vera fleiri þátttakendur í úrtakinu og skráningin færi fram við fjölbreyttari aðstæður t.d. í samverustundum, leiktíma inni/úti og að fleiri mælitæki væru notuð s.s. upptaka á myndband til að skoða enn betur samskiptin. Skilgreiningar á viðeigandi/æskilegri hegðun þyrfti að vera nákvæmari sem og skilgreining um jákvæða athygli.

Niðurstöðurnar benda til þess að leikskólakennarar telja sig nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna. Jákvæð athygli leikskólakennara er vinnuaðferð sem flestir geta verið sammála um að sé mikilvæg og gagnleg. Velta má fyrir sér hvort leikskólakennarar noti jákvæða athygli sem markvissa kennsluáðferð eða hvort það sé gert vegna þess að það þykja „góð“ vinnubrögð og sé því huglægt mat þeirra. Í símenntun leikskólakennara má gera ráð fyrir að þeir hafi sótt námskeið eða aðra fræðslu (fyrirlestrar, sjálfslestur, fundir o.fl.) sem tengist hegðun og samskiptum við börn. Það er ekki sjálf gefið að leikskólakennarar noti jákvæða athygli markvisst og meðvitað þó svo þeir hafi sótt sér fræðslu um gildi þess. Það skilar mestum árangri ef fræðslu er fylgt eftir með jákvæðri styrkingu og leiðréttingu af hendi leiðbeinanda til að innleiða slík vinnubrögð. Því hefðbundin fræðsla veitir þekkingu en tryggir ekki færni til að hafa markviss vinnubrögð (Anna-Lind Pétursdóttir, 2001: 18-22, Elísa Guðnadóttir, 2008: 49).

Samræmist hugmyndafræði Deweys kenningum í atferlisfræði?

Í þriðju rannsóknarspurningunni var leitast við að svara hvort það væri samræmi á sjálfsmati leikskólakennara um notkun á jákvæðri athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma og hvort þeir telji að hugmyndafræði Deweys samræmist kenningum í atferlisfræði með tilvísun í virka skilyrðingu Skinners. Á mynd 2 má sjá hvernig sjálfsmat leikskólakennara um notkun á jákvæðri athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma samræmist viðhorfi þeirra um að hugmyndafræði Deweys samræmist kenningum í atferlisfræðum. Í sjálfsmatinu telja 87% leikskólakennara (sjá mynd 1), þ.e. 14 af 16 leikskólakennurum, sig nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma mikið og mjög mikið. Helmingur þeirra telja að hugmyndafræði Deweys samræmist kenningum í atferlisfræðum mikið og mjög mikið. Af heildinni telja 13% leikskólakennara að

hugmyndafræði Deweys samræmist atferlisfræðum lítið – þeir töldu sig samt sem áður nota mikið jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma. Því má líta svo á að meirihluti þessara leikskólakennara telja að hugmyndafræði Deweys sé ekki í mótsögn við aðferðir í atferlisfræðum s.s. virka skilyrðingu Skinners, heldur að þar séu hliðstæður.



Mynd 2. Samanburður leikskólakennara sem telja sig nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns í matmálstíma og telja hugmyndafræði Deweys samræmast kenningum atferlisfræða t.d. virkri skilyrðingu Skinners.

Viðhorf leikskólakennara til atferlisfræða

Leikskólakennarar voru spurðir um viðhorf sín til atferlisfræða og þeir beðnir að skrifa hvað þeim dytti í hug þegar þeir heyrðu orðið „atferlisfræði”. Svörin voru flokkuð eftir hugtökunum sem þeir skrifuðu. Í töflu 4 má sjá að flestir nefndu hugtök tengd hegðun/atferli. Svörin benda til að leikskólakennararnir telji að atferlisfræðin nýtist við greiningu á hegðun (athuganir) og hegðunarþjálfun (mótun, styrking, þjálfun o.fl.) sem skilja má að í kjölfarið á greiningu þá séu vinnuaðferðir í anda atferlisfræða sem gagnist við að móta/styrkja hegðun. Aðeins einu sinni kom fyrir hugtakið kennsla en hugtakið nám var ekki nefnt. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um að leikskólakennarar tengja ekki að börn séu í daglegu lífi að læra (nema) út frá kenningum í atferlisfræðum, heldur gagnist atferliskenningar við að greina hegðun og að vinna með úrræði í kjölfarið.

Tafla 4. Svör leikskólakennara þegar þeir heyra orðið „atferlisfræði”.

Flokkar	Fjöldi svara ¹	Tekið úr svörum til frekari skýringa
Kennsla	+	Hegðunarkennsla
Þjálfun	++	Stíf þjálfun ²
Styrking	++	Jákvæð hegðun ³
Mótun	+++++	Hegðun ⁴
Meðferð	+	Sálfræðitengd meðferð með einhverfum börnum
Athuganir	+++++++	Að skoða atferli barna-hvernig börnin hegða sér í ákv. aðstæðum ⁵
Umbun	+	Hér var nefnd jákvæð og neikvæð umbun-neikvæð umbun fyrir neikvæða hegðun (refsing ⁶)
Hegðun	+	
Notað í leikskóla	+	Sjaldan meðvitað með þessum formerkjum (sem spurt var um í spurningalistanum ⁷)
Hundapjálfun	+	
Annað	+	Námið í KHÍ stend á gati, námið orðið ósjálfráður hluti af vinnunni

¹ + er eitt svar, t.d. í mótun hefur það verið nefnt 5 sinnum í spurningalistanum

² Einn nefndi þetta

³ Annar nefndi styrkja jákvæða hegðun

⁴ Hér var tilgreint ýmist hegðunarmótun, atferlismótun

⁵ Undir þetta hugtak var eftirfarandi flokkað; að greina hegðun, að fylgjast með hegðun, að kanna atferli, að skrá, að skoða hegðun

⁶ Skilningur rannsakanda á svarinu

⁷ Innskot rannsakanda er í sviganum

Í viðhorfsspurningunni kemur fram að leikskólakennarar virðast ekki telja að aðferðir í anda atferlisfræða séu kennsluáðferðir almennt, heldur frekar greiningar- og þjálfunartæki. Þó telja leikskólakennarar að hugmyndafræði Deweys samræmist kenningum í atferlisfræðum s.s virkri skilyrðingu Skinners. Samanber svör frá þeim í sjálfsmati um að nota jákvæða athygli í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barna í matmálstíma og samræmi í hugmyndafræði Deweys og Skinners (sjá mynd 2). Út frá því má álykta að hliðstæður í kenningum Deweys og Skinners megi finna í vinnubrögðum leikskólakennara í þessum leikskólum hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað.

Samantekt - lokaorð

Markmiðið með þessu verkefni var að draga fram aðferðir í atferlisfræðum sem jákvæðan (og styrkjandi) þátt í leikskólastarfi þar sem áherslur tengdar kenningum Deweys eru ríkjandi og skoða hvort hliðstæður væru í hugmyndum hans og Skinners í vinnubrögðum leikskólakennara. Einnig að skoða viðhorf leikskólakennaranna til atferlisfræða og hvort þeir teldu að hugmyndafræði Deweys samræmdist kenningum í atferlisfræðum. Þar sem fjöldi þátttakenda í úrtaki var lítil og eingöngu leikskólakennarar í tveimur leikskólum sem starfa eftir hugmyndafræði Deweys, er ekki hægt að yfirfæra niðurstöður á leikskólakennara almennt. Hægt er að líta á þessar niðurstöðurnar sem vísbendingu um vinnubrögð og viðhorf og er nauðsynlegt að hafa það í huga. Áhugavert væri að rannsaka ennfrekar viðhorf leikskólakennara til atferlisfræða svo og vinnuaðferðir þeirra sem tengja má við virka skilyrðingu Skinners, hvort sem þær eru meðvitaðar eða ómeðvitaðar.

Nám og kennsla í leikskólum er samtvinnuð daglegum samskiptum, daglegum verkefnum og leiknum. Í námskrám er lögð áhersla á að börn læri í gegnum leikinn, séu skapandi í eigin námi, séu sjálfstæðir virkir einstaklingar sem hafi áhrif á umhverfi sitt. Flest börn þroskast eðlilega og nýta frjótt umhverfi sér til framdráttar. Í leikskólanum skapar og skipuleggur leikskólakennarinn umhverfið bæði út frá viðfangsefnum og samskiptum. Mikilvægt er að umhverfið bjóði öllum börnum næg tækifæri til að þroskast, auka færni sína og verða á allan hátt vel til þess fallin að takast á við framtíðina og verða virk í sínu samfélagi (Aðalnámskrá, 1999: 7). Vinnuaðferðir og áherslur leikskólakennaranna er aðaltækið sem skapar umhverfi barnanna. Dewey (1938/2000b: 61-69 og 83-93) talaði um að börn væru hluti af samfélaginu og í lýðræðissamfélagi væri félagslegt taumhald s.s. ýmsar reglur sem gilda t.d. í skóla, fjölskyldu og félagshópum, mikilvægt í námi og þroska barnanna til þátttöku í því. Kennarinn gegnir þar mikilvægu hlutverki sem stjórnandi og skipuleggjandi á umhverfi barnanna og verkefnum sem nýtast öllum börnum til að taka þátt í á uppbyggjandi og menntandi hátt. Kennaranum ber að leiðbeina og vinna út frá reynslu barnanna á þann hátt að verkefnið gagnist þeim til áframhaldandi náms og þroska. Kennarinn þarf að horfa til framtíðar, byggja á reynslu barnsins og víkka reynslusvið þess á þann hátt að leiða barnið áfram. Viðfangsefnið má ekki vera ofvaxið getu eða skilningi barnsins heldur virkja löngun þess til að halda áfram. Ferlið þarf að vera samfellt og byggja á lögmálinu um orsök og afleiðingu sem birtist ungum börnum sem nýjar leiðir. Notkun

vinnuaðferða sem byggja á atferliskeningum Skinners um virka skilyrðingu eiga samleið með þessum hugmyndum Deweys. Gagnrýni, neikvæð viðhorf og misskilningur í garð atferlisfræða hefur líklega hamlað því að í leikskólum hafi vinnuaðferðir tengdar t.d. virkri skilyrðingu verið útfærðar meðvitað og notaðar markvisst og opinskátt sem kennsluáferð.

Reitman (1998, 147-148) hefur svarað gagnrýni á atferlisfræðina og bendir m.a. á að atferlisfræðingar líti ekki á börn sem óvirka aðila sem hægt sé að stjórna og móta að vild. Þvert á móti þarf virkt samspil og samstarf við barnið til þess að árangur náist. Atferlisfræðingar byggja t.d. á gagnsemishyggju (*e. pragmatism*) þar sem umhverfið, reynslan og samspilið við aðra hefur þróast á þann hátt að árangursríkar aðferðir eru valdar út og þróaðar til íhlutunar en öðrum aðferðum sem ekki hafa reynst eins vel er sleppt. Sem árangursríkar aðferðir má t.d. nefna jákvæða styrkingu, jákvæðar afleiðingar og að umbunin verði „sigur“ barnsins af eigin getu þ.e. sjálfstæð svörun verði umbunin. Af þessu má draga þá ályktun að Dewey og Skinner eiga líklega meira sameiginlegt í sínum kenningum en hingað til hefur verið haldið á lofti, þegar litið er á mikilvægi vinnuaðferða leikskólakennarans í því að skapa umhverfi sem styður við nám og þroska barna á þeirra forsendum.

Menntun leikskólakennara á sér ekki langa sögu á Íslandi. Árið 1946 var Uppeldisskóli Sumargjafar, sem síðar varð Fósturskóli Íslands, stofnaður. Árið 1997 sameinaðist Fósturskólinn Kennaraháskóla Íslands sem nú er orðinn að menntavísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknir á vinnuaðferðum, áherslum og námsleiðum barna í leikskólastarfi eru mikilvægar til þess að leikskólakennarinn geti þróað sig í starfi og verði meðvitaður um eigin starfsaðferðir og tengt þær við uppeldis- og kennslufræðin. Þetta verkefni er tilraun í því að draga fram hliðstæður sem hægt er að finna í mismunandi kenningum og tengja saman fræðasvið sem skarast í menntun kennara þ.e. uppeldis- kennslu- og sálarfræði. Það gæti gagnast leikskólakennurum til þess að skoða starfsaðferðir sínar í víðara samhengi og gera þær sýnilegri í námskrá leikskólans. Einnig er þetta verkefni tilraun til að sýna fram á að ákveðnir þættir í atferlisfræðum eru jákvæðar aðferðir sem flestir nota ómeðvitað eða hugsunarlaust í uppeldi og menntun barna.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Anna-Lind Pétursdóttir (2001). *Kennslutækni sem byggir á hagnýtri atferlisgreiningu: þjálfun starfsfólks og áhrif á færni barna með þroskahömlun*. Óbirt cand.psych.ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Center on the Social and Emotional Foundations for Early Learning (e.d.). (Heimasíða).
Hér má sjá upplýsingar um efni tengt PBS aðferðinni. Sótt 10. mars '09:
<http://www.vanderbilt.edu/csefel/training.html>
- Christophersen, E. R. og Mortweet, S. L. (2004/2003). *Uppeldishandbókin: Að byggja upp færni til framtíðar* (Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu). Reykjavík: Skrudda.
- Clark, L. (1998/2000). *SOS! hjálp fyrir foreldra: handhægur leiðarvísir til meðhöndlunar á algengum vandamálum í barnauppleði* (Vilborg Helga Harðardóttir og Bylgja Valtýsdóttir þýddu). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Dewey, J. (1933/2000a). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1910).
- Dewey, J. (1938/2000b). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).
- Elísa Guðnadóttir (2008). *Áhrif innleiðingar fyrsta hluta heildstæðs stuðnings við jákvæða hegðun á vinnubrögð leikskólustarfsfólks og hegðun leikskólabarna*. Óbirt cand.psych.ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Gossen, D. (2008). *Barnið mitt er gleðigjafi*. (Fanny Kristín Tryggvadóttir og Magni Hjálmarsson þýddu). Álftanes: Sunnuhvoll.
- Guðmundur B. Arnkelsson (2006). *Orðgnótt: Orðalisti í almennri sálarfræði* (5. útgáfa). Reykjavík: Háskóli Íslands-Háskólaútgáfan.
- Guðríður Adda Ragnarsdóttir (1991, 13. apríl). Brautryðjandi í atferlisvísindum. *Morgunblaðið, Lesbók*, bls. 6-7.

- Guðríður Adda Ragnarsdóttir (1999). *Gríptu til góðra ráða: vísir að handbók um atferlisstjórnun handa foreldrum, kennurum og ráðgjöfum í skólaþjónustu*. Skólaþjónusta Eyjafings.
- Guðríður Adda Ragnarsdóttir (2005). Dæmi um grundvallarrannsóknir: Frumeindagreining athafna sem stýrast af tveimur samhliða greiðslukerfum. Í Jón Grétar Sigurjónsson, Jara Kristina Thomasdóttir og Páll Jakob Línadal (Ritstj.), *Hvar er hún nú?: Arfleið atferlisstefnunnar á 21. öld* (bls. 117-160). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Ragnarsson (1999). Skólinn og félagslegar framfarir. *Uppeldi og menntun*, 8, 159-170.
- Johnson, K. og Street, E. M. (2004). *The Morningside Model of Generative Instruction: What It Means to Leave No Child Behind*. Concord: Cambridge Center for Behavioral Studies.
- Johnson, K.R. og Layng, T. V. J. (1992). Breaking the structuralist barrier: Literacy and numeracy with fluency. *American Psychologist*, 47, 1475-1490.
- Jóhanna Einarsdóttir (1997). Áhrif kenninga Johns Dewey á leikskólastarf. *Athöfn*, 29, (1), 28-32.
- Kristín Dýrfjörð (2006). Lýðræði í leikskólum: Um viðhorf leikskólakennara. *Netla*, grein 009. Sótt 17. mars 2008 af <http://www.netla.khi.is/greinar/2006/009/prent/index.htm>
- Kristín Indriðadóttir (1995). Hugmyndir Steingrims Arasonar um kennslu og skólastarf: Uppruni og afdrif. *Uppeldi og menntun*, 4, 9-29.
- MacNaughton, G. (2003, endurprentuð '06 og '07). *Shaping Early Childhood: Learners, Curriculum and Contexts*. Berkshire: Open University Press.
- Morningside Model (e.d.). (Heimasíða). Sótt 20. febrúar '09 af: <http://www.morningsideacademy.org>
- Moxley, R. A. (1997). Skinner: From Essentialist to Selectionist Meaning. *Behavior and Philosophy*, 25, (2), 95-119.
- O'Donohue, W. og Kitchener, R. (Ritstj.). (1999). *Handbook of Behaviorism*. London: Academic Press.

- Phelan, T.W. (2008/1995). *Töfrar 1-2-3: Agi í lagi fyrir 2ja-12 ára*. (Bryndís Víglundsdóttir þýddi). Reykjavík: Salka.
- Reitman, D. (1998). On Books: Punished by Misunderstanding: A Critical Evaluation of Kohn's Punished by Rewards and Its Implications for Behavioral Interventions with Children. *The Behavior Analyst*, 21, (1), 143-157.
- Reykjanesbær (e.d.). (Heimasíða). Hér má sjá upplýsingar um SOS námskeið fyrir foreldra og starfsfólk. Sótt 28. febrúar '09: http://www.reykjanesbaer.is/default.asp?cat_id=1436
- Reykjavík (e.d.). Hér má sjá upplýsingar af heimasíðu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts um PBS í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Sótt 7. mars '09: <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3550/>
- Schlinger, H. D. Jr. (1995). *A Behavior Analytic View of Child Development*. New York: Plenum Press.
- Sigurður J. Grétarsson (2005). Skinner's Psychology: Unique Solutions and Inherent Problems. Í Jón Grétar Sigurjónsson, Jara Kristina Thomasdóttir og Páll Jakob Líndal (Ritstj.), *Hvar er hún nú?: Arfleið atferlisstefnunnar á 21. öld* (bls. 117-160). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Skinner B.F. (e.d.). *A Brief Survey of Operant Behavior*. (Heimasíða). Hér má sjá upplýsingar um verk Skinners og rannsóknir hans. Sótt 11. febrúar '09 af: <http://www.bfskinner.org>
- Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar (e.d.). (Heimasíða). Hér má sjá upplýsingar um SMT-skólafærni, sem er hliðstæða við PBS. Sótt 28. febrúar '09 af: http://www.hafnarfjordur.is/pmt_forsida/smt/
- Sprague, J. og Golly, A. (2008). *Til fyrirmyndar: heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun* (Reynir Harðarson þýddi). Reykjavík: Skrudda í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts.
- Vargas, Julie S. (2007). *A Brief Biography of B. F. Skinner*. Heimasíða um ævi, störf og kenningar B. F. Skinners. Sótt 11. febrúar '09 af: http://www.bfskinner.org/brief_biography.html
- Woolfolk, A. (2007). *Educational Psychology* (10. útgáfa). Boston: Pearson.

Viðauki 1

Skráningarblað – beint áhorf í matmálstíma

Leikskóli
Athugandi

Jákvæð athygli - styrking

✚ leikskólakennari veitir viðeigandi/æskilegri hegðun leikskólabarns athygli-styrkingu með því að:

- aðstoða barn með verkefni eða athafnir – sama hvort barnið biður um aðstoð eða ekki. En ef barnið vill ekki aðstoð (t.d. snýr sér undan, afþakkar aðstoð, segist geta sjálf) er það ekki skráð sem jákvæð athygli
- endurtaka það sem barn segir eða svara spurningum þess með jákvæðum/hlutlausum tón eða svipbrigðum
- veita hrós, hvatningu, ástúðleg/vinalæg orð
- veita líkamlega snertingu, (dæmi: kennari leggur hönd sína á hendi, öxl barns, strýkur kinn barns og blikkar, brosir eða gefur til kynna á annan hátt að barnið sé að gera vel)
- nota merki eða látbragð sem gefur til kynna velþóknun t.d. horfa í áttina til barnsins og brosa, blikka, give five, þumall upp
- tala með jákvæðum og ljúfum tón um hegðun barnsins
- hvetja til viðeigandi/æskilegrar hegðunar með því að hrósa þeim börnum sem sýna viðeigandi/æskilega hegðun (dæmi: kennari segir við barn sem er með viðeigandi/æskilega hegðun „ég heyrði hvað Jóna bað kurteislega um að rétta sér grænmeti“)

Viðeigandi/æskileg

✚ hegðun barna í matmálstíma er m.a.:

- sitja í sínu sæti, tala kurteislega, nota inniröddina
- óska eftir aðstoð ef þarf
- taka þátt í borðhaldinu á kurteisan hátt
- trufla ekki aðra
- aðstoða þá sem þurfa (t.d. rétta þeim sem þurfa eða biðja um það)
- allt til viðbótar sem getur talist almenn kurteisi og viðeigandi/æskileg hegðun

Merkja á einu sinni í hvert bil eftir áhorfstímann,

-ef kennari beitir ofangreindum afleiðingum í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar er merkt 1

-ef kennari beitir EKKI ofangreindum afleiðingum hvort sem sýnd var viðeigandi/æskileg hegðun eða ekki er merkt 0

Fjöldi barna við matarborð
Dagsetning skráningar

Bil	Kennari	Framh.	skráning
1		21	
2		22	
3		23	
4		24	
5		25	
6		26	
7		27	
8		28	
9		29	
10		30	
11		31	
12		32	
13		33	
14		34	
15		35	
16		36	
17		37	
18		38	
19		39	
20		40	

Fjöldi barna við matarborð
Dagsetning skráningar

Bil	Kennari	Framh.	skráning
1		21	
2		22	
3		23	
4		24	
5		25	
6		26	
7		27	
8		28	
9		29	
10		30	
11		31	
12		32	
13		33	
14		34	
15		35	
16		36	
17		37	
18		38	
19		39	
20		40	

Leiðbeining v/skráningar beint áhorf

Beint áhorf

Fylgst er með einum ákveðnum leikskólakennara.

Verið er að skoða ákveðna hegðun þ.e. jákvæða athygli-styrkingu, sem leikskólakennari veitir barni í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barnsins.

Hér er verið að skoða hvort samhengi sé á milli viðeigandi/æskilegrar hegðunar og jákvæðrar styrkingar kennarans. Skoðað er hvort leikskólakennari notar tveggja liða styrkingarskilmála með jákvæðum afleiðingum fyrir barnið í kjölfar á viðeigandi/æskilegri hegðun barnsins

Viðeigandi/æskileg hegðun barna í matmálstíma er m.a.:

- sitja í sínu sæti, tala kurteislega, nota inniröddina
- óska eftir aðstoð ef þarf
- taka þátt í borðhaldinu á kurteisan hátt
- trufla ekki aðra
- aðstoða þá sem þurfa (t.d. rétta þeim sem þurfa eða biðja um það)
- allt til viðbótar sem getur talist almenn kurteisi og viðeigandi/æskileg hegðun

Afleiðingar (hegðun leikskólakennara): Það sem á sér stað í kjölfar hegðunar barns.

✚ hegðun/viðbragð leikskólakennara í kjölfar hegðunar barnsins

Jákvæð athygli - styrking

✚ leikskólakennari veitir viðeigandi/æskilegri hegðun leikskólabarns athygli-styrkingu með því að:

- aðstoða barn með verkefni eða athafnir – sama hvort barnið biður um aðstoð eða ekki. En ef barnið vill ekki aðstoð (t.d. snýr sér undan, afþakkar aðstoð, segist geta sjálft) er það ekki skráð sem jákvæð athygli
- endurtaka það sem barn segir eða svara spurningum þess með jákvæðum/hlutlausum tón eða svipbrigðum
- veita hrós, hvatningu, ástúðleg/vinaleg orð
- veita líkamlega snertingu, (dæmi: kennari leggur hönd sína á hendi, öxl barns, strýkur kinn barns og blikkar, brosir eða gefur til kynna á annan hátt að barnið sé að gera vel)
- nota merki eða látbragð sem gefur til kynna velþóknun t.d. horfa í áttina til barnsins og brosa, blikka, give five, þumall upp
- tala með jákvæðum og ljúfum tón um hegðun barnsins
- hvetja til viðeigandi/æskilegrar hegðunar með því að hrósa þeim börnum sem sýna viðeigandi/æskilega hegðun (dæmi: kennari segir við barn sem er með viðeigandi/æskilega hegðun „ég heyrði hvað Jóna bað kurteislega um að rétta sér grænmeti“)

Fyrirkomulag skráningar.

✚ Skrá á beitingu jákvæðra afleiðinga í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns hjá tilteknum leikskólakennara við matmálstíma í hádeginu

- matsmaður/menn mæta í leikskólann, heilsa og kynna sig, segja að þeir séu að fylgjast með leikskólastarfi fyrir verkefni um samskipti við börn
- mælingar skulu hefjast þegar matsmenn eru tilbúnir og standa yfir á meðan viðkomandi verkefni er í gangi þ.e. í 10 mínútur
- kveikja á i-Podinum samtímis
- matsmenn skulu vera í eins mikilli fjarlægð frá börnum og leikskólakennara og hægt er, en þó þannig að svipbrigði og líkamstjáning sjáist og samtöl heyrist
- matsmenn séu hlið við hlið svo þeir hafi sama sjónarhorn, en sjái ekki skráningu hjá hvor öðrum
- forðast augnsamband við börn og leikskólakennara svo og öll samskipti meðan á skráningu stendur – vera eins hlutlaus og hægt er
- ekki sýna niðurstöður að lokinni skráningu – það verður gert síðar þegar öllu verkefninu er lokið
- ef leikskólakennari skreppur frá (ef það tengist ekki matmálstímanum) meðan á skráningu stendur á að stoppa skráningu og halda síðan áfram þegar hann kemur aftur
- ef leikskólakennari skiptir sér af öðrum börnum en þeim sem hann hefur umsjón með á að skrá það
- aðeins er verið að skrá beitingu afleiðinga leikskólakennara í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns– ekki hegðun/viðbrögð barna, því gert er ráð fyrir að hegðun barns sé undanfari beitingu afleiðinga leikskólakennarans.

Skráningarblaðið

- skipt í 10 sekúndna bil sem afmarka hvenær matsmaður á að fara í næstu línu á skráningarblaðinu
- aðeins er skráð (1) einu sinni í hverja línu, þó svo að leikskólakennari hafi beitt jákvæðum afleiðingum oftar á áhorfstímanum –
- i-Pod fyriræli – “horfa á” – þá horfa matsmenn á leikskólakennara
- i-Pod fyriræli – “skrá” – þá skrá matsmenn ef leikskólakennari hefur verið með jákvæðar afleiðingar í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar barns
 - Merkja á einu sinni í hvert bil eftir áhorfstímann,
 - -ef kennari beitir ofangreindum afleiðingum í kjölfar viðeigandi/æskilegrar hegðunar er merkt 1
 - -ef kennari beitir EKKi ofangreindum afleiðingum hvort sem sýnd var viðeigandi/æskileg hegðun eða ekki er merkt 0
- matsmaður fylgist með hegðun allan tímann frá “horfa á” þar til “skrá” kemur og lítur þá niður á skráningarblað og skráir og lítur aftur upp þegar “horfa á” heyrist aftur í i-Podinum

Könnun

Starfsaldur – strikaðu undir þann tíma sem passar við starfsaldur þinn sem leikskólakennari

0-1 ár

1-5 ár

5 ár og lengur

Spurning 1

Jákvæð athygli

- Þú veitir barni athygli með því að tala við það með jákvæðum tón, til dæmis hrósa eða hvetja barnið með því að segja “dugleg/ur ertu”, setja hönd á öxlina, nota merki eins og þumalinn upp, gefa því fimm („give me five”) eða blikka til barnsins

Hversu mikið gerir þú af því að veita viðeigandi/æskilegri hegðun barna í matmálstíma jákvæða athygli?

Mjög lítið

Lítið

Miðlungs

Mikið

Mjög mikið

Spurning 2

Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið “atferlisfræði”

Spurning 3

Telur þú að hugmyndafræði Dewey samræmist kenningum í atferlisfræðum (t.d. kenningum Skinners um virka skilyrðingu)

Mjög lítið

Lítið

Miðlungs

Mikið

Mjög mikið

Nú er könnuninni lokið. Ég þakka þér kærlega fyrir þátttökuna.

Kveðja

Lilja Eyþórsdóttir

Ágæti leikskólastjóri

Ég er að vinna að lokaverkefni mínu í viðbótarnámi B.Ed í leikskólafræði við H.Í. menntavísindssviði. Ég er m.a. að skoða ákveðin samskipti leikskólakennara við börn og viðhorf þeirra til kennsluaðferða. Í tengslum við verkefnið vil ég gera eina vettvangsathugun og viðhorfskönnun meðal leikskólakennara í febrúar-mars.

Vettvangsathugunin felst í því að skrá niður ákveðin samskipti sem eru við “daglegan þátt” t.d. matmálstíma eða í fataherbergi þegar börnin eru að koma inn úr útiveru eða eru að fara í útiveru. Eingöngu er verið að skoða og skrá samskipti “ákveðins” leikskólakennara við barn/barnahópinn, en ekki hegðun barnsins/barnanna. Ég mun dvelja á staðnum ásamt aðstoðarskráningarmanni á ákveðnum tíma og skrá eftir ákveðnu kerfi þessi samskipti.

Viðhorfskönnunin felst í því að svara stuttum spurningalista sem ætti ekki að taka meiri tíma en 5-10 mínútur.

Ég heiti fullkominni nafnleynd fyrir leikskólann, börn og starfsfólk. Ég hef tilkynnt þetta verkefni til Persónuverndar og engar athugasemdir fengið þaðan, einnig hef ég fengið leyfi hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Eftir að verkefninu er lokið, mun ég bjóða leikskólakennurum skólans kynningu á niðurstöðum.

Ef þú ert tilbúin að leyfa mér að gera þetta verkefni í leikskólanum hjá þér, óska ég eftir samþykki þínu hér. Einnig óska ég eftir að þú hafir milligöngu fyrir mig gagnvart leikskólakennurum og foreldrum eins og fram kemur í bréfum til þeirra.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum er velkomið að hafa samband við mig á netfang lie2@hi.is eða í síma 693-9884

Með von um þátttöku þína

Kveðja
Lilja Eypórsdóttir
leikskólastjóri, en útskrifuð úr gamla Fósturskólanum 1978

Undirrituð samþykkir að Lilja Eypórsdóttir geti í leikskólanum _____
(nafn leikskólans)

lagt fyrir leikskólakennara viðhorfskönnun og gert vettvangskönnun eins og að ofan greinir.

Reykjavík

leikskólastjóri

Febrúar 2009

Ágæti leikskólakennari

Ég er að vinna að lokaverkefni mínu í viðbótarnámi B.Ed í leikskólafræði við H.Í. menntavísindssviði. Ég er m.a. að skoða ákveðin samskipti leikskólakennara við börn og viðhorf þeirra til kennsluaðferða. Í tengslum við verkefnið vil ég gera eina vettvangsathugun og viðhorfskönnun meðal leikskólakennara í febrúar-mars.

Vettvangsathugunin felst í því að skrá niður ákveðin samskipti sem eru við “daglegan þátt” t.d. matmálstíma eða í fataherbergi þegar börnin eru að koma inn úr útiveru eða eru að fara í útiveru. Eingöngu er verið að skoða og skrá samskipti “ákveðins” leikskólakennara við barn/barnahópinn, en ekki hegðun barnsins/barnanna. Ég mun dvelja á staðnum ásamt aðstoðarskráningarmanni á ákveðnum tíma og skrá eftir ákveðnu kerfi þessi samskipti.

Viðhorfskönnunin felst í því að svara stuttum spurningalista sem ætti ekki að taka meiri tíma en 5-10 mínútur.

Ég heiti fullkominni nafnleynd fyrir leikskólann, börn og starfsfólk. Ég hef tilkynnt þetta verkefni til Persónuverndar og engar athugasemdir fengið þaðan, einnig hef ég fengið leyfi hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Eftir að verkefninu er lokið, mun ég bjóða leikskólakennurum skólans kynningu á niðurstöðum.

Ef þú ert til í að taka þátt í viðhorfskönnuninni og/eða vettvangsathuguninni, vinsamlegast láttu leikskólastjórann í þínum leikskóla vita.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum er velkomið að hafa samband við mig á netfang lie2@hi.is eða í síma 693-9884

Með von um þátttöku þína

Kveðja
Lilja Eypórsdóttir
leikskólastjóri, en útskrifuð úr gamla Fósturskólanum 1978

Febrúar 2009

Kæru foreldrar

Ég heiti Lilja Eypórsdóttir og er að vinna að lokaverkefni mínu í viðbótarnámi B.Ed. í leikskólafræði við H.Í. menntavísindasviði. Ég er m.a. að skoða ákveðin samskipti leikskólakennara við börn. Í tengslum við verkefnið vil ég gera eina vettvangsathugun í febrúar-mars.

Vettvangsathugunin felst í því að skrá niður ákveðin samskipti sem eru við “daglegan þátt” t.d. matmálstíma eða í fataherbergi þegar börnin eru að koma inn úr útiveru eða eru að fara í útiveru. Eingöngu er verið að skoða og skrá samskipti “ákveðins” leikskólakennara við barn/barnahópinn, en ekki hegðun barnsins/barnanna. Ég mun dvelja á staðnum ásamt aðstoðarskráningarmanni á ákveðnum tíma og skrá eftir ákveðnu kerfi þessi samskipti.

Ég heiti fullkominni nafnleynd fyrir leikskólann, börn og starfsfólk. Ég hef tilkynnt þetta verkefni til Persónuverndar og engar athugasemdir fengið þaðan, einnig hef ég fengið leyfi hjá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar.

Ef þið hafið einhverjar athugasemdir við þessa vettvangsathugun, vinsamlegast hafið samband við leikskólastjóra – en eins og áður hefur komið fram, þá er ekki verið að athuga barn heldur samskipti kennara.

Ef þið óskið eftir frekari upplýsingum er velkomið að hafa samband við mig á eftirfarnadi netfang lie2@hi.is

Með von um góðar undirtektir

Lilja Eypórsdóttir
leikskólastjóri, en útskrifuð frá gamla Fósturskólanum 1978